

Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRDUM

Miðvikudagur 30. apríl 1997 • 17. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Skiptar skoðanir um hvort breyta eigi Orkubúi Vestfjarða í hlutafélag

Markaðsvirði fyrirtækisins áætlað um 150 milljónir króna

Aðalfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á föstudag í síðustu viku. Auk venjulegra aðalfundarstarfa var á fundinum tekin fyrir greinargerð Haraldar L. Haraldssonar, hagfræð-

ings hjá Rekstri og Ráðgjöf ehf., um kosti og galla þess að Orkubúi Vestfjarða verði gert að hlutafélagi. Í máli Haraldar kom m.a. fram að ekki væri spurning um hvort fyrirtækinu yrði breytt úr sameingarfélagi í

hlutafélag, heldur einungis hvenær af því yrði. Hann sagði að áður en til þess kæmi þyrfti að breyta sérlægum fyrirtækisins sem og almennum lögum um orkumál á Íslandi. Skiptar skoðanir voru á meðal fundar-

manna um framangreinda breytingu og sýndist sitt hverjum um ágæti breytinganna.

Um markaðsvirði fyrirtækisins sagði Haraldur m.a. í ræðu sinni: „Markaðsvirði Orkubús Vestfjarða er nokkru lægra en bókfært eigið fé gefur til kynna. Rekstrarafkoma fyrirtækisins þarf að batna verulega til að fjárfesting í OV sé álitlegur kostur fyrir fjárfesta. Miðað við óbreyttar forsendingur verður áframhaldandi tap á rekstri næstu 15 ár en jákvætt fjárstreymi, sem nemur um 20 milljónum krónum á ári, sem í reynd er sú peningalega ávöxtun, sem fyrirtækið skilar og fjárfestar horfa til. Miðað við þessar forsendingur og að fjárfestari kröfu um 10% ávöxtun næstu 15 ár má ætla að markaðsvirði fyrirtækisins sé um 150

milljónir króna, sem er sú upphæð sem fjárfestar væru tilbúnir til að borga fyrir fyrirtækið að því gefnu að rekstrarforsendingur væru óbreyttar,” sagði Haraldur. Hann sagði enn fremur að ætla mætti að með markaðsvæðingu sem og því að fyrirtækið yrði gert að hlutafélagi, myndi nást fram ýmiskonar hagræðing, sem mundi auka á markaðsvirði þess. Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður, sem var einn gesta á fundinum, sagði hins vegar í ræðu sinni, að raunvirði fyrirtækisins væri 0 krónur, hvort sem mönnum líkaði það betur eða verr.

Jón Gauti Jónsson, settur bæjarstjóri í Vesturbyggð, upplýsti á fundinum að bæjarstjórn Vesturbyggðar hefði samþykkt að leita til ríkisins um kaup þess á hlut sveitar-

félagsins í Orkubúinu. Hann sagði sveitarfélagið, líkt og mörg önnur sveitarfélög, mjög illa státt fjárhagslega, og því væri óhjákvæmilegt annað en að reynt yrði að selja hlut Vesturbyggðar í Orkubúi Vestfjarða.

Tveir nýir einstaklingar voru kosnir í stjórn fyrirtækisins á aðalfundinum, Þorsteinn Jóhannesson, Ísafirði, sem gegna mun starfi stjórnarformanns og Hafliði Elíasson, Bolungarvík. Þeir koma í stað þeirra Eiríks Finns Greipssonar, fyrrum stjórnarformanns Orkubúsins og Rúnars Vífilssonar, Bolungarvík. Aðrir í stjórn eru Kristinn Jón Jónsson, tilnefndur af iðnaðarráðherra, Óskar Torfason, kjörinn af aðalfundi og Björgvin Sigurjónsson, tilnefndur af fjármálaráðherra.



Á fjórða tug áhugasamra dansara mættu á námskeiðið hjá Jóhanni Erni á laugardag.

Ísfirðingar dansa kántrýdans

Kántrýdans fer nú eins og eldur um sinu um allar byggðir landsins og hafa Vestfirðir ekki verið þar undanskildir. Á laugardag kom Jóhann Örn Ólafsson, danskennari og upphafsmaður þessa mikla æðis, vestur, og kenndi áhugasömum Vestfirðingum nokkra línudansa. Á fjórða tug dansara mætti á námskeiðið sem haldið var í sal grunnskólans á Ísafirði síðdegis á laugardag og vel á annað hundrað gestir mættu síðan á kántrý-

ball sem haldið var í Sjallanum um kvöldið.

Þar lék hljómsveitin Farmalls fyrir dansi og létu þátttakendur á námskeiðinu reyna á kunnáttu sína fram eftir nóttu. Jóhann Örn, danskennari, stjórnaði dansinum en sérstakur gestur kvöldsins var Ómar Ragnarsson, sem skemmti gestum af sinni alkunnu snilld. Jóhann Örn sagðist í samtali við blaðið vera ánægður með þátttökuna á Ísafirði, það ánægður að hann hefði ákveðið að koma á ný vestur undir lok

maí eða í byrjun júní. „Ég er reyndar hættur að vera hissa þegar salurinn fyllist trekk í trekk en ég verð að viðurkenna að ég bjóst ekki við öllum þessum fjölda. Það er alveg öruggt að við komum aftur, bæði ég og hljómsveitin og það verður væntanlega undir lok maí eða í byrjun júní. Það gekk vel að kenna Ísfirðingum dansins, enda kemur hann að „westan“,“ sagði Jóhann Örn í samtali við blaðið.



Jens Kristmannsson, starfsmaður Orkubús Vestfjarða, Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður og Halldór Halldórsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga ræða saman á aðalfundi Orkubúsins.

Blaðsíða 4

Eftirsóknarverð leirlistakona á Þingeyri



Blaðsíða 8

Björn ráðinn verkefnisstjóri Atvinnuþróunarfélagsins



Blaðsíða 9

Djassgeggjarar hljóðritaðir í Víkinni



Skorumst ekki undan ábyrgð

Spurningin

Hvernig ætlar þú að halda upp á 1. maí Sigurður?



Sigurður Þorleifsson, gjaldkeri Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur:

„Við höldum upp á 1. maí á hefðbundinn hátt í Bolungarvík. Ég myndi hinsvegar vilja skjóta einni hugmynd á Ísafirði, af því að þeir virðast hafa ríka tilhneigingu til samhjálp. Hvernig væri að þeir myndu nú útbúa sér kröfuspjöld og marsera frammi fyrir bæjarskrifstofunum á Ísafirði til að krefjast úrbóta til handa Þingeyringum. Þar er vandí á ferðinni, en ekki í Bolungarvík. Við erum fullfærir um að leysa úr okkar málum sjálfir hérna.“

Baráttudagur verkamanna, 1. maí, er á morgun. Verkaþólk um allan heim heldur upp á daginn með hátíðarhöldum og kröfugöngum. Verkalýðsfélög um allt land hafa staðið í ströngu við atvinnurekendur undanfarið en nú er farið að sjá fyrir endann á þeim slag, nema á Vestfirðum og munu hátíðarhöldin á morgun vafalaust bera keim af þeirri staðreynd.

Á laugardaginn var haldinn hluthafafundur í Fáfni hf. á Þingeyri að ósk Ísafjarðarbæjar en eignarhlutur sveitarfélagsins í fyrirtækinu er 10%. Að sögn Þorsteins Jóhannessonar, forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, var óskað eftir fundinum til að fá vitneskju um stöðu mála.

„Við fengum í sjálfa sér ósköp lítil svör önnur en að það er einhver vilji til að mynda eignarhaldsfélag um Fáfni sem Byggðastofnun og Landsbankinn myndu væntanlega standa að. Það verður látið reyna á hvort þetta er mögulegt fram til 1. maí en að öðrum kosti verður óskað eftir gjaldþrotaskiptum. Þetta var a.m.k. okkar skilningur. Það verður að segjast eins og er að Ísafjarðarbær, sem á 10% eignarhlut í Fáfni, getur ekkert gert með þetta félag ef vilji stjórnar er ekki til staðar. Þannig að ákvörðun um félagið er alfarið á höndum stjórnarinnar og meirihluta hluthafa. Næstu skref varðandi atvinnuuppbyggingu á Þingeyri tengjast því hvernig tæki, húsnæði, starfsfólk og önnur verðmæti Fáfnis verða nýtt, en á meðan þessi stjórn er þarna, þá kemst enginn að því verki,“ sagði Þorsteinn í samtali við blaðið.

– Nú hefur heyrst að málefni Þingeyrar séu komin inn á borð til ríkisstjórnarinnar. Getur þú staðfest það?

„Ég hef ekki heyrt neitt staðfest um þá hluti.“

– Er að vænta einhverra nýrra fréttu af þessu máli í vikunni?

„Eins og Guðmundur Ingvarsson, stjórnarformaður Fáfnis, talaði á laugardaginn, þá vildu þeir reyna þessa leið með eignarhaldsfélag fram til mánaðarmóta. Mér skilst að þær hugmyndir standi og falli með því hvort Landsbankinn er reiðubúinn að koma að slíku



Þorsteinn Jóhannesson.

félagi eða ekki. Annars eru allar upplýsingar í höndum stjórnarinnar, Guðmundar Ingvarssonar og Sigurðar Kristjánssonar. Það hefur verið okkar skilningur að ekkert annað en gjaldþrot blasti við fyrirtækinu og það yrði skiptaráðandi sem kæmi til með að deila út þessu húsnæði – leigja það eða annað slíkt.“

Þorsteinn segir að þessi skoðun hafi komið skýrt fram hjá öllum bæjarfulltrúnum á fundinum. „Við bentum á að stjórn Fáfnis væri búin að reyna að finna lausn á vandanum í eitt og hálf ári, án þess að nokkuð hafi gengið. Stjórnin er sennilega á byrjunarreit ennþá ef hún er þá ekki komin nokkrum skrefum aftar.“

Þorsteinn segir aðspurður að aldrei sé of seint að gera eitthvað en það megi ekki dragast lengur að finna lausn á málefnum Þingeyrar. „Málið er það að bæjarstjórnin getur ekkert gert. Við höfum reynt að beita áhrifum okkar gagnvart Byggðastofnun og víðar, en það hefur ekki gengið.“

Nú er Ísafjarðarbær næst stærsti hluthafinn í Básafelli hf., sem hefur yfir að ráða um 12 þúsund þorskígildistonnun. Gæti Ísafjarðarbær mögu-



Frá Þingeyri.

lega þrýst á við stjórn Básafells að einhver vinnsla á vegum fyrirtækisins færi fram á Þingeyri?

„Það hlýtur að vera ráðstöfun stjórnar hvers félags fyrir sig að meta hvað arðvænlegt er og hvað ekki. Við megum ekki gleyma að stjórnin er skuldbundin hluthöfum. Þótt Ísafjarðarbær eigi 12-14% hlut í Básafelli, þá segir það ósköp lítið gagnvart hinum 86 prós-entunum.“

– Í DV um helgina kom fram mikil gagnrýni á bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar frá Kristni H. Gunnarssyni, alþingismanni Vestfirðinga, sem sagði m.a. að nógur kvóti væri á Þingeyri en bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hafi hins vegar ákveðið að hafa þann kvóta á Ísafirði en ekki Þingeyri. Hverju vilt þú svara? „Þessu verður að vísa beint til föðurhúsanna og það er svo fjarstæðukennt sem mest má vera að bæjarstjórn Ísafjarðar-

bæjar hafi ákveðið það. Ég spyr: Hvernig er það tilkomið að Sléttanesið fór inn í þetta fyrirtæki? Þetta vandamál byrjaði ekki með sameiningu sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfirðum. Vandamálið er miklu eldra. Við skorumst ekki undan ábyrgð og við viljum leysa þetta mál, en eins og málin standa núna, þá kemst enginn að þessu fyrirtæki, Fáfni,“ sagði Þorsteinn að lokum.

Ísafjörður

Ítölsk veisla!

Hótel Ísafjörður, Heilsuhúsið og Sigmar B. Hauksson bjóða til Ítalskrar veislu laugardag 3. maí.

Ítalskt andrúmsloft, fimmrétuð veislumáltíð með vínunum.

Vinsamlegast pantið borð.

Bæjarins besta

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólögötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☑ 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

Sveltur sitjandi kráka

Leiðari

„Efling byggðar í landinu er ekki einkamálið dreifbýlisins, það er miklu fremur sameiginlegt viðfangsefni allrar þjóðarinnar. Á þessum tímamótum er því mikilvægt að við horfum til framtíðar, til sátta en ekki sundurlyndis, og reynum að brjóta til mergjar hvað sameinar og eflir okkur sem þjóð.“

Svo komst Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga að orði við setningu ráðstefnu um þróun byggðar á Íslandi, sem haldin var á Akureyri í síðustu viku.

Þrátt fyrir tillurði stjórnvalda við að rétta hag landsbyggðarinnar, stöndum við frammi fyrir þeirri bláköllu staðreynd, að byggð hefur lagst af og hætt er við að svo verði í enn ríkari mæli á næstu árum. Sem stendur er erfitt að sjá að gegn því verði spornað hvað allra fámennustu og afskekktustu byggir landsins varðar. Þó má segja að týri á kolunni því skoðanakönnun mun hafa leitt í ljós, að fleira fólk lætur í ljósi vilja til að flytja frá þéttbýli til strjábýlis en frá strjábýli til þéttbýlis. Þessi niðurstaða skýtur skökku við reynslu undanfarinna ára.

Á litríku korti sem formaður Byggðastofnunar í krafti stöðu sinnar lét gera og ráðstefnugestir á Akureyri báru augum, er kveðinn upp sá dómur, að vestfirskar byggðir upp til hópa séu í hættu. Þótt ekki skuli á þessari stundu efast um góðan hug og tilgang formannsins, er því ekki að neita að mikil er ábyrgð þessa manns. Sem slíkan dóm kveður upp yfir heilum landshluta. Vestfirðingar eygja þó von, því fram mun hafa komið að Vestfirðir eru taldir vænlegt uppbyggingarsvæði.

Vel má vera að ekki þyki það merkilegt innlegg í umræðuna, en hér hefur því verið haldið fram, að um tómt mál sé að tala um framtíð hinna dreifðu byggða meðan íbúum þeirra er meinað að njóta návista við auðlindir, sem þeir hafa lifað á öldum saman. Þegar stjórnvöld hafa kjark til að viðurkenna villu síns vegar og snúa frá henni er tímabært að ræða um dreifingu valds og verkefna til sveitarfélaga. Þangað til verður loforðaflaumur stjórnvalda merkingarlaus og til þess eins fallinn að lengja dauðastríðið.

Orð ku vera til alls fyrst. Ráðstefnan á Akureyri var ekki verri en hver einn þeirra funda, sem sveitarstjórnarmenn hafa eytt tíma sínum í undanfarin ár til að ræða byggðamál. Hver afaksturinn verður kemur í ljós. Einungis þrjú fulltrúar frá Vestfirðum sáu ástæðu til að sitja ráðstefnuna á Akureyri, tveir frá Fjórðungssambandinu og einn frá Hólmavík. Hvar voru fulltrúar hinna sveitarfélaganna? Áttu þeir virkilega ekki heimangengt? Koma þeim þessi mál ekkert við?

Sveltur sitjandi kráka, en fljúgandi fær. Hvað olli því að fulltrúar okkar Vestfirðinga sniðgengu ráðstefnuna á Akureyri? Afsökunin, sem BB hefur fyrir fjarvist þeirra er fráleit. Ef einhverjum er nauðsyn að hafa áhrif á mótun byggðastefnu þá er það Vestfirðingum. Vestfirskir sveitarstjórnarmenn geta ekki leyft sér sinnuleysi líkt og birtist í því, að mæta ekki á Akureyri.

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Um klár mistök að ræða

Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála hefur fengið fjölda kvartana vegna samræmda prófsins í stærðfræði sem fram fór í grunnskólum landsins á mánudag. Þótti prófið of langt og komust nemendur í mikla tímaþröng. Dæmi er um að þegar próftíma lauk hafi um 60% nemenda enn setið yfir úrlausnunum og dæmi eru um að nemendur hafi setið grátandi við prófborðin.

„Ég varð ekki var við það hér að nemendur hefðu grátandi við prófborðin. Aftur á móti er

það alveg ljóst að prófið var of efnismikið, það eru allir sam-mála um það. Hér er um klár mistök að ræða. Hins vegar virðist sem önnur próf hafi gengið ágætlega. Það er um-hugsunarefni þegar yfir 60% af nemendum hafa ekki mögu-leika á að klára prófið, það er hlutur sem ekki gengur upp,” sagði Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði í samtali við blaðið. Aðspurður um hvort tekið yrði tillit til þessa við útreikninga á próflausnum

sagði Kristinn:

„Ég geri ekki ráð fyrir því, það er möguleiki að umreikna heildarniðurstöðuna en það er ekki hægt að taka einhverja þætti út og segja að þeir verði ekki reiknaðir með. Það sem stendur upp úr er að prófið var of efnismikið. Ég held að það eigi að vera einfalt mál að reikna það til baka þannig að „normalkúrfan” verði sú sama. Mér finnst það eðlileg leiðrétting,” sagði Kristinn Breiðfjörð.

Andrésar andar leikarnir

Önfirðingar sigursælir

Önfirðingar, komu, sáu og sigruðu á Andrésar andar leikunum sem haldnir voru í Hlíðarfjalli við Akureyri um síðustu helgi. Önfirðingar sendu 21 keppanda á leikana og unnu þeir til fjögurra gullverðlauna, tveggja silfurverðlauna og þriggja bronsverðlauna. Ísfirðingar sendu einnig keppendur á leikana og unnu þeir til fjögurra bronsverðlauna.

Gullverðlaun Önfirðinga

fengu þeir Brynjólfur Ó. Árnason frá Vöðlum í Öndarfirði og Arnar Björgvinsson frá Flateyri, en þeir sigruðu í flokkum 7 og 9 ára í göngu með frjálstri og hefðbundinni aðferð. Vaskleg framgangna Önfirðinga vakti athygli á leikunum og er ljóst að Kjell Hymer, kennari í Holti, hefur unnið gott starf með börnin, en hann tók það upp með sjálfum sér að fara með nemendur skólans á gönguskíði í fyrra-

vetur vegna skorts á íþróttadstöðu innanhúss. Kjell Hymer var heiðraður sérstaklega af Skíðasambandi Íslands eftir leikana fyrir brautryðjendastarf í þágu skíðaíþróttarinnar.

Á leikunum fengu þrír 12 ára krakkar ferðavinning til Orlando í Flórída í boði Flugleiða, Samherja og Andrésarnefndarinnar sem farin verður í haust. Ein þeirra sem datt í lukkupottinn var Guðný Ósk Þórsdóttir frá Ísafirði.

Nýr hópur flóttafólks kemur í sumar

Gefa á fleirum tækifæri

Páll Pétursson félagsmálaráðherra mun innan tíðar leggja fyrir ríkisstjórnina tillögur um móttöku á 25-30 júgóslavneskum flóttamönnum, en málið hefur verið í undirbúningi í félagsmálaráðuneytinu undanfarnar vikur. Gert er ráð fyrir að hópurinn komi til landsins í sumar, svo að tími gefist fyrir fjölskyldurnar að aðlagast áður en skólar hefjast í haust.

Gert er ráð fyrir að standa að móttökunni með svipuðum hætti og gert var síðast enda

mun öll sú framkvæmd hafa verið Ísfirðingum til sóma. Auglýst verður eftir sveitarfélögum sem tilbúin eru til að taka á móti flóttafólkinu. Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sagði í samtali við blaðið, ekki gera ráð fyrir að Ísafjarðarbær myndi óska eftir að fá fleiri flóttamenn, kominn væri tími til að leyfa öðrum sveitarfélögum að spreya sig á verkefni.

„Þetta mál hefur ekki verið rætt með neinum formlegum hætti í bæjarstjórn en persónu-

lega finnst mér að það ætti að gefa fleiri sveitarfélögum kost á því að taka að sér svona verkefni, það er bara af því góða. Reynslan af þessu verkefni er góð en mér finnst að fleiri sveitarfélög eigi að fá tækifæri til að taka að sér svona þroskandi verkefni. Ég á því ekki von á að Ísafjarðarbær verði á meðal þeirra sveitarfélaga sem munu óska eftir að taka á móti næsta hópi flóttamanna frá fyrrum Júgóslavíu,” sagði Kristján Þór.

Verkfall félaga ASV

Viðræður hafnar að nýju

„Frá því að slitnaði upp úr viðræðunum, hefur ASV litið á það þannig að boltinn væri hjá þeim og okkur bárust tillögur frá þeim á sunnudagskvöld. Við sendum tillögur til baka strax um miðnættið og óskuðum eftir að það yrði haldinn fundur hjá sáttasemjara, þannig að við höfum ekki látið standa á okkur í þessum málum,” sagði Einar Jónatansson, formaður samninganefndar Vinnuveitendafélags Vestfjarða, í samtali við blaðið, en sáttasemjari boðaði fulltrúa ASV og vinnuveitenda til fund-

ar í gær í Karphúsinu í Reykjavík.

Í tillögum ASV er gert ráð fyrir hærri tilfærslum á bónum inn í kaup-taxta og meiri kauphækkunum en í samningum Verkamannasambandsins. „Okkar tölur eru ekki eins og þeirra, og varðandi kaupliðina, þá höfum við alltaf sagt að við getum ekki samið um annað hér en gert hefur verið annars staðar,” sagði Einar.

Mikið ber á milli hjá deiluaðilum og draga margir í efa að lausn deilunnar sé í sjónmáli. Krafa ASV um 100 þús-

und krónurnar á ekki upp á pallborðið hjá atvinnurekendum, sem standa fast á að borga ekki hærri laun en samið hefur verið um annars staðar. Samningar eru í höfn í Bolungarvík, Tálknafirði og Bíldudal, auk þess sem nokkur smærri fiskvinnslufyrirtæki hafa samið við starfsfólk sitt, en verkalýðsfélög á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri, Patreksfirði, Súðavík, Flateyri, Patreksfirði, Súðavík, Hólmavík og Drangnesi eru enn í verkfalli.

Ekki höfðu borist fréttir úr Karphúsinu þegar blaðið fór í prentun í gær.

Til hamingju...

Heillaóskaskeyti **Pósts og síma** eru sígild kveðja á fermingardaginn.

Á **bls. 17** í símaskránni eru myndirnar, sem velja má á skeytið.

Sendandi getur orðað skeytið að eigin ósk, en til aðstoðar eru hér fimm gerðir viðeigandi heillaóska:

- A. Innilegar hamingjuóskir á fermingardaginn. Kærar kveðjur.
- B. Bestu fermingar- og framtíðaróskir.
- C. Hamingjuóskir til fermingar barns og foreldra. Kærar kveðjur.
- D. Guð blessi þig á fermingardaginn og um alla framtíð.
- E. Hjartanlegar hamingjuóskir á fermingardaginn. Bjarta framtíð.

Tekið er á móti símskeytum í síma **146** allan sólarhringinn. Skeytin má panta fyrirfram, þau verða borin út á fermingardaginn.

Fermingar á Vesfjörðum verða dagana: 4., 11. og 18. maí og 8. júní.

Vinsamlegast geymið auglýsinguna og hafið hana við höndina, þegar þið sendið skeytin í síma **146**.



146

Tilkynning um akstur Reykjavík - Ísafjörður

Frá 1. maí

mun Flutningamiðstöð Vestfjarða ehf., í samvinnu við Landflutninga-Samskip hf. hefja reglubundinn akstur með vörur á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Farið verður daglega frá báðum stöðunum.

Vörur verður dreift frá **FMV** um norðanverða Vestfirði þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga á Pingeyri, Flateyri og Suðureyri en daglega til Bolungarvíkur og Súðavíkur, og þær sóttar á sömu staði. (Pingeyri - Flateyri - Suðureyri - Bolungarvík - Súðavík)

FMV, hefur aðsetur að Sindragötu 11, Ísafirði, sími 456 4000 og mun einnig hafa umboðsmenn í nærliggjandi þéttbýlisstöðum. Afgreiðsla í Reykjavík er hjá Landflutningum - Samskip að Skútuvogi 8, Reykjavík, sími 569 8400

Fyrirtækin munu kappkosta að veita viðskiptavinum sínum og öllum þeim sem flytja þurfa vörur á milli þessarra staða góða og örugga þjónustu.

Landflutningar - Samskip
Skútuvogi 8 • Reykjavík
Sími: 569 8400
Fax: 569 8411

Flutningamiðstöð Vestfjarða ehf.
Sindragötu 11 • Ísafjörður
Sími: 456 4000
Fax: 456 4009

FMV

Afgreiðsluaðilar:

Bolungarvík	Hólsvélar ehf.	Hafnargötu 83	456 7016
Flateyri	Þorsteinn Guðbjartsson	Eyrarvegi 12	456 7727
Suðureyri	Árni Árnason	Aðalgötu 15	456 6104
Súðavík	Sigurgeir Garðarson	Túngötu 16	456 4959
Pingeyri	Kaupfélag Dýrfirðinga	Hafnarstræti 7	456 8200

Valkostur í flutningum

fjölbreytni í starfinu.“
Handverksfélagið hefur aðstöðu í skólanum á sumrin fyrir gallerý sitt sem nefnist Koltra og hefur það verið fjölsótt af ferðamönnum. Ylfa segir að stefnt sé að því að taka þátt í stórra handverksýningu á Akureyri í ágúst, en þar verða saman komin félög af öllu landinu.

- En er möguleiki á að gera meira úr handverkinu, þannig að fólk hafi það sem fullt starf?

„Ég veit það ekki. Þetta er náttúrulega svo bundið við ferðamenn þannig að ég sé það eiginlega ekki fyrir mér. Það er svo erfitt að koma þessu á framfæri en eftir því sem sölumöguleikar aukast, þá er meiri grundvöllur fyrir fólk að vinna við þetta. Hérna vantar marga aðstöðu og það þyrfti að ráða bót á því.

- Í Bolungarvík er t.d. handverksfélagið Drymla í húsnæði sem bærinn útvegaði. Ættu bæjarfyrirvöld kannski að koma að þessum málu á Þingeyri?

„Mér finndist frábært ef það yrði. Við höfum auðvitað fengið aðstöðu í skólanum á sumrin, en það dugir bara ekki - við þyrftum að búa við

heilsárs aðstöðu.“

Takmarkið ekki endilega að selja mikið

Mætti ekki hugsa sér að þið vinkonurnar réðuð fólk til starfa ef gripirnir ykkar ná almennri hylli landsmanna?

„Ég hugsa að ég myndi aldrei fara út í það. Ég er aðallega að gera þetta fyrir sjálfa mig. Mér finnst bara gaman að vinna þetta og það er ekki endilega takmarkið að selja mikið. Það er auðvitað gott að fá inn fyrir leimum og flutningskostnaði vegna hans. Ég myndi aldrei nenna að hella mér út í þetta á fullu.

Ég er í annarri vinnu og þarf að annast heimili og börn, auk þess sem ég er að vasast í einu og öðru.

Það er líka einhvern veginn þannig, að allt sem er kvöð á manni verður leiðinlegt. Ég get nefnt sem dæmi; að fyrir jólin var aðeins pantað hjá mér og það var þrýstingur á að klára verkefni, en þá leiddist mér þetta bara.

Ég vil hafa þetta sem hobbí sem ég hef gaman af, en ekki þannig að þetta þyngi mér.“

Í lokin berst talið að ástandinu á Þingeyri, en

Ylfa segir að töluvert sé um að fólk sé farið hugsa sér til hreyfings og veit um nokkrar stórar fjölskyldur sem eru að fara.

- En er hún að fara?
„Ekki á meðan ég hef vinnu. En ef ástandið verður áfram svona og andinn verður eins og hann er búinn að vera undanfarið, þá veit ég ekki hvort ég nenni að vera hérna áfram. Fólk er orðið þreytt og það vill fara sjá eitthvað gerast. Það er verið að berjast hér um hver einustu mánaðarmót við að láta enda ná saman með atvinnuleysisbótum. Ástandið framundan er svart og fólk ber það með sér, en ég er samt hissa á hvað það er, þrátt fyrir allt.“

- En þú ert ekki á því að handverkið geti hjálpað upp á þetta?

„Ég veit það ekki. Sjálsagt gætu einhverjir haft starf af því. Ég vill þó bara tala fyrir mig og ég hef svo mikið að gera að ég get ekki hugsað mér að bæta við verkefnum í þessu. Ég er í svo mörgu öðru, hestamennsku, íþróttum og fleiru, þannig að ég hreinlega kæmist ekki yfir það,“ sagði Ylfa að lokum.



Stefnt er að sölu flestra húsa á snjóflóðahættusvæðinu í Hnífsdal.

Hnífsdælingafélagið í Reykjavík

Vill kaupa hús á hættusvæði

Ásmundur Guðnason hefur f.h. Hnífsdælingafélagsins í Reykjavík, farið fram á við Ísafjarðarbæ að kannaðir verðir möguleikar á afnotum félagsins af húsi á snjóflóðahættusvæði í Hnífsdal. Einnig hefur Golfklúbbur Ísafjarðar sótt um að fá hús af þessu svæði til ráðstöfunar fyrir

nýjan golfskála í Tungudal.

Að sögn Kristjáns Þórs Júlíussonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, er ætlunin að reyna selja flest húsin og að til greina komi að selja fyrrgreindum aðilum hús jafnt og hverjum öðrum. Hann segir að þó verði sett skilyrði fyrir kaupunum. Verði húsin t.d. notuð sem

íverustaðir þar sem þau eru staðsett nú, þá gildi sömu reglur fyrir þau og gilda fyrir Tunguskóg, þ.e. að einungis verði leyft að búa í þeim frá 15. apríl til 15. nóvember. Það er Arnar Geir Hinriks-son, lögfræðingur, sem mun sjá um sölu húsanna fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.



Sundstræti 34 á Ísafirði. Þessu húsi er fyrirhugað að breyta í tíu íbúða fjölbýlishús.

Eiríkur og Einar Valur hf., á Ísafirði

Hyggjast byggja tíu íbúða fjölbýlishús á Eyrinni

Byggingafyrirtækið Eiríkur og Einar Valur hf., á Ísafirði, sem fagnar 20 ára afmæli sínu þann 7. maí næstkomandi, er um þessar mundir að kanna möguleika á byggingu tíu íbúða fjölbýlishús við Sundstræti 34 á Ísafirði. Ekki er um raunverulega nýbyggingu að ræða, heldur endurbyggingu á gömlu húsi sem hýst hefur m.a. fiskbúð og beitingaaðstöðu í eigu Hraðfyrstihússins Norður-tanga. Núverandi eigandi húsnæðisins er Básafell hf., á Ísafirði og standa yfir viðræður milli stjórnenda þess og Eiríks og Einars Vals hf., um kaup á því.

„Hér er um að ræða tíu íbúðir. Ef við tölum um heildarstærðir með sameigin, þá erum við að tala um íbúðir að stærðinni frá 84 fermetrum og upp í 161 fermetra. Ef við tölum



Teikning af vesturhlið hússins, eins og hún mun líta út eftir breytingarnar.

aftur á móti um stærð séreignar, þá eru stærðirnar frá 73 fermetrum upp í 144 fermetra,” sagði Tryggvi Guðmundsson, lögfræðingur á Ísafirði, en hann mun sjá um sölu íbúðanna ef af verður, og veita nánari upplýsingar um þær ásamt Eiríki Kristóferssyni, framkvæmdastjóra Eiríks og Einars Vals hf. „Þarna er í rauninni verið að reyna að fjölga fjölbýlisíbúðar-

húsnæði á Eyrinni sem verður í frjálsri eigu. Það er í sjálfru sér hlutur sem mikil nauðsyn er á, enda hefur verið mikill húsnæðisskortur á Eyrinni undanfarnir misseri,” sagði Tryggvi. Verði tekin ákvörðun um endurbyggingu hússins, er gert ráð fyrir að íbúðirnar verði afhentar eigendum sínum, fullbúnar, næsta vor.

Á Eyrinni

Veitingastaður Kaffihús
Mánaqata 1 - Sími 456 4306

Fisherhúsi anno 1884

Fagníð 1. maí með

Ísfirska trúbadornum

Guðmundi Hjaltasyni

sem heldur uppi ekta kráarstemmningu miðvikudagskvöldið 30. apríl frá kl. 23:00 til kl. 03:00
Ljúffengir spánskir smáréttir framreiddir frá kl. 19:00

Jazz • Jazz • Jazz

Vestfirsku jazzgeggjararnir

Villi, Óli, Baldur, Kalli, Magnús og Gunnar í villtri jazzsveiflu föstudagskvöld frá kl. 23:00 til kl. 03:00
Njótið jazzins í réttu jazzumhverfi

Súper dúettinn

Baldur og Margrét

með stanslaust fjör á laugardagskvöld frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Þjóðum kvöldmatargestum matseðill með ljúffengum réttum frá kl. 19:00 á föstudags- og laugardagskvöld

Laugardagskvöld

Samúel Einarsson við píanóið frá kl. 20:00 til kl. 23:00

Húsið opið aðeins fyrir matargesti frá kl. 19:00 til kl. 23:00

Mætið tímanlega, því það er ávallt fjölmennt hjá okkur

Njótið góðs matar og skemmtið ykkur á góðum veitingastað með góðri tónlist

Aðgangseyrir fyrir aðra en matargesti á föstudags- og laugardagskvöld er kr. 500,-

Afnám línutvöföldunar

Í Bæjarins besta 16. apríl síðastliðinn er leiðara blaðsins vikið að afnámi línutvöföldunarinnar, rakin áhrif af henni og síðan spurt: **Hvað gera þingmenn Vestfirðinga nú? Og enn fremur er spurt: hvað segja þingmenn Vestfirðinga við þessari vitfirringslegu fiskveiðistefnu? Hvað ætla þeir að gera?** Það má ekki minna vera en að reynt sé að svara þessum spurningum af fremsta megni. Svarinu ætla ég að skipta í tvennt, annars vegar að fara yfir lagabreytinguna á síðasta ári um afnám línutvöföldunarinnar og síðan að rekja hugmyndir og tillögur sem ég hef um breytingar á núverandi ástandi. Þar vísa ég m.a. til frumvarps sem ég hef lagt fram og hefur verið ágætlega kynnt í blaðinu, en meir um það í seinni grein.

Að þessu sinni verður tekið fyrir lagabreytingin sem leiðarahöfundur gerir að umræðuefni.

Á síðasta vori afgreiddi Alþingi löggjöf um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Meginefnið í þeim laut að veiðum smábáta, en við meðferð málsins í sjávarútvegsnefnd lagði sjávarútvegsráðherra fram ósk til nefndarinnar að hún beitti sér fyrir því að afnema línutvöföldunina og legði fram nauðsynlegar breytingartillögur í því skyni. Það gekk eftir, meirihluti nefndarinnar gerði það og tillögurnar voru samþykktar með stuðningi flestra þingflokka, en Alþýðubandalagið eitt lagðist gegn breytingunni. Þar sem ég var eini þingmaður Vestfirð-

inga sem greiddi atkvæði gegn afnámi línutvöföldunarinnar vil ég gera grein fyrir aðalatriðunum í rökum mínum og annarra félaga minna í þingflokki Alþýðubandalagsins.

Skýrast er að vitna til sérstaks nefndarálits sem fulltrúi Alþýðubandalagsins lagði fram, en þar stendur:

„Annar minnihluti (Abl.) telur aðferðina sem þar er lögð til (við afnám línutvöföldunar) mjög umdeilanlega og reyndar málið í heild. Ljóst er að enn eru í fullu gildi mörg upprunaleg rök, sem lágu til grundvallar því á sínum tíma að hvetja sérstaklega til línutvöföldunar yfir vetrartímann. Var þá einkum haft í huga atvinnusjónarmið, að beitning í landi og línutvöföldun skapaði mikla atvinnu og er svo enn þar sem um hefðbundna landröðra, línutvöföldun, er að ræða. Í öðru lagi gæfu línuveiðarnar gott hráefni. Í þriðja lagi væri ástæða til að hvetja til sóknar á þennan hátt á þessum árstíma til að auka framboð á fersku hráefni til vinnslu eða útflutnings með flugi þegar hráefnisframboð væri takmarkað.

Meiri hlutinn leggur til að notuð verði sú aðferð að skipin taki með sér sextíu hundruðustu af aflareynslu sinni í línutvöföldun og séu tekin til viðmiðunar tvö bestu árin af þremur bestu. Ljóst er að sú aðferð er afar hagstæð þeim skipum sem komið hafa til sögunnar í línutvöföldun á síðustu árum eða hafa aukið hlutdeild sína á því tímabili í þessum veiðum en að sama skapi óhagstæð hefðbundinni línutvöföldun sem var



Kristinn H. Gunnarsson.

við lýði þegar línutvöföldunareglurnar voru upp teknar og hefur að einhverju leyti verið víkjandi síðan.

Ljóst er að með þessu er mikil aflareynsla færð yfir á svonefnd verksmiðjuskip eða útileguskip sem stunda línuveiðar með beitningavél um borð frá hefðbundinni landröðrautgerð, en röksemdir fyrir línutvöföldun voru á sínum tíma einmitt að styðja við bakið á slíkri útgerð sem þá var á undanhaldi og menn vildu styrkja til þess að hún legðist ekki af. Það er einnig ljóst að með því að taka aflareynslu skipanna undanfarin ár og breyta henni í hlutdeild nú þegar þorskveiðiheilmildir eru einungis um 150 þús. tonn er valinn afar hagstæður viðmiðunarpunktur fyrir skipin.

Tillögur Abl. voru þessar og skal aftur vitnað í nefndarálitið: „Annar minnihluti er þeirrar skoðunar að skoða hefði átt aðra möguleika, t.d. þann að afmarka hópinn, sem gæti sótt í framtíðinni á grundvelli línutvöföldunar, við þau skip sem þegar væru komin með

reynslu af slíkum veiðum undanfarin ár. Í öðru lagi hefði mátt hugsa sér að útilægulínuskip með beitningavél um borð hefðu mátt hverfa úr pottinum með t.d. 50% af reynslu sinni frá undanfönum árum, en hefðbundin landröðrautgerð línuskipa hefði átt þess kost að halda áfram að sækja á grundvelli tvöföldunarákveðanna. Þriðji kosturinn hefði verið sá að leyfa mönnum að velja hvort þeir kysu að halda áfram þessari útgerð á grundvelli tvöföldunareglanna eða fara út úr pottinum með sína hlutdeild. Í fjórða lagi væri að sjálf-sögðu hægt að ákveða að láta óbreyttar reglur gilda áfram. Væri því þá lýst yfir um leið að sú ákvörðun væri til frambúðar, mundi ljúka kapphlaupi um að mynda aflareynslu í von um væntanlegan kvóta.

Annar minnihluti treystir sér alls ekki til að mæla með þeirri aðferð við afnám línutvöföldunar sem hér er lögð til og mun greiða atkvæði gegn þessu ákvæði.”

Með ofangreindri tilvitnum hefur verið gerð grein fyrir sjónarmiðum okkar Alþýðubandalagsmanna og afstöðu. Það verða svo lesendur að meta hvernig þeim líst á, en það verð ég að segja að þróunin hefur því miður orðið eins og spáð var hvað varðar atvinnu og stöðu Vestfirðinga eftir afnám línutvöföldunarinnar. Ég er viss um að nú vilja margir þingmenn geta greitt atkvæði að nýju um málið í ljósi þessarar reynslu.

Kristinn H. Gunnarsson

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.
auglýsir viðtalstíma starfsmanna

Viðtalstími atvinnuráðgjafa og ferðamálafulltrúa er frá kl. 09:00 til kl. 12:00 alla virka daga í síma 456 4780.

Starfsmaður Þingeyrarverkefnis hefur viðtalstíma á Þingeyri mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 10:00 til kl. 15:00. Aðsetur hans er á skrifstofu Ísafjarðarbæjar á Þingeyri, sími 456 8061.

Um er að ræða viðtal á skrifstofu eða símaviðtal. Hægt er að panta viðtalstíma utan auglýstra viðtalstíma.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.

Ferðafólk / Göngumenn

Ætla þú að axla bakpokann í sumar?

Námskeið í ferðamennsku

verður haldið á Ísafirði helgina 2. - 4. maí.

Fjallað verður um: Útbúnað, kort og áttavítann, þverun straumvatna o.m.fl.

Leiðbeinandi er Einar Torfi Finnsson frá Björgunarskóla Íslands. Námskeiðsgjald er kr. 6.000,-

Upplýsingar og skráning í síma 456 4648, Jón Björnsson eða 456 4780, Dorothee Lubecki, ferðamálafulltrúi.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.

Ferðamálafulltrúi Vestfjarða

boðar til spjallfundar í Tjörhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði mánudaginn 5. maí kl. 20:00.

Fjallað verður um ferðamál frá flestum sjónarhornum.

Merking gönguleiða og sögustaða, móttaka skemmtiferðaskipa í Ísafjarðarbæ, nýjar hugmyndir og nýir möguleikar frá fundargestum teknir til umfjöllunar.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða til aðstoðar Þingeyringum

Auglýst eftir hugmyndum heimamanna

Björn Garðarsson hefur verið ráðinn tímabundið til starfa hjá Atvinnuþróunarfélaga Vestfjarða við að reyna að finna lausnir í atvinnu- málum Þingeyringa í samstarfi við heimamenn.

„Forsagan er auðvitað það ástand sem hefur skapast á Þingeyri við stöðvun Fáfnis en það ástand hefur verið viðvarandi í allan vetur. Atvinnuástandið á Þingeyri er ákaflega bágborið og á þessari stundu er ekkert sem bendir til að það leysist. Þetta er auðvitað óskaplega þrjúgandi fyrir íbúana og því var ákveðið að fara af stað með aðila sem yrði staðsettur á Þingeyri, en hans hlutverk er fyrst og fremst að hafa sam-

band við heimamenn og reyna að fá fram hugmyndir að verkefnum eða störfum sem hægt væri að koma á fót,“ sagði Björn, aðspurður um hvert verkefni hans væri.

„Við metum síðan hvort þessar hugmyndir eru raunhæfar, og ef svo er, þá aðstoðum við fólk við að fylgja þeim eftir. Þá komum við til með að leita til sérfræðinga með þekkingu á viðkomandi sviðum og í framhaldinu yrði leitað eftir fjármagni, mörkuðum eða aðilum sem vildu koma að málu með áhættufé í væntanlegan rekstur. Við höfum ekki einhverjar patentlausnir á reidum höndum og ákveðið frumkvæðið hlýtur að þurfa að koma frá heimamönnum. Við

erum fyrst og fremst að auglýsa eftir hugmyndum sem hægt væri að nýta byggðarlaginu til framdráttar.“

Björn hefur nýhafði störf og segir að ákveðin hlutir séu í skoðun nú þegar, en hvert þeir leiði sé ekki hægt að segja um á þessari stundu. „Þetta er ferli sem tekur ákveðinn tíma í hverju tilfelli fyrir sig og ómögulegt að segja til um útkomuna,“ sagði Björn sem vildi hvetja Þingeyringa, sem hafa eitt-hvað til málanna að leggja, til að hafa samband við sig. Hann hefur aðstöðu á bæjar-skrifstofunni á Þingeyri og er þar á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum frá kl. 10 - 16.



Stoltir sigurvegararar

Þessa mynd tók ljósmyndari blaðsins af 3. bekk Framhaldsskóla Vestfjarða en bekkurinn vann Stigakeppni skólans sem haldin er á hverjum vetri. Þetta er innbyrðis keppni í skólanum og er keppt í fjölmörgum íþróttagreinum s.s. fótbolta, handbolta o.fl.

Skaðabótakröfur á verk- lýðsfélagið hugsanlegar

Á þriðjudag í síðustu viku komu félagsmenn í verkalýðsfélaginu Baldri í veg fyrir losun úr skipi Eimskipafélagsins, Skógarfossi, á Ísafirði, en þeir töldu að verið væri að ganga í störf félaga sinna. Tryggvi Tryggvason, eigandi Tryco hf., umboðsaðila Eimskipafélagsins á Ísafirði, var sjálfur við stjórnvölinn á stórum gámalýftara og var ósáttur mjög vegna aðgerða verkfallsmanna.

„Pétur Sigurðsson hafði samband við mig þegar hann frétti að skipið væri að koma og spurði hvort við ætluðum að losa það. Ég gerði honum grein fyrir því að myndum losa það en ekki lesta og jafnframt að ég myndi vinna þá vinnu en ekki menn sem voru í verkfalli. Hann sagðist þá ætla að athuga

málið og láta mig vita. Ég heyrði svo ekki meira frá honum og vissi ekki fyrr til en verkfallsverðir mættu á staðinn. Þeir sendu síðan skeyti til til Sjómannafélags Reykjavíkur en Pétur kom svo hlaupandi hérna niður á kant þegar hann sá að þetta var allt að byrja. Hann var auðvitað sá sem stjórnadi þessum aðgerðum og enginn annar, þannig að þetta átti Pétur einn,“ sagði Tryggvi aðspurður um tildrög málsins.

„Verkfallsmenn voru ekki í neinum rétti til að stöðva vinnu við uppskipunina. Ég tel að þeir hafi enga lögsögu hér á hafnarsvæðinu. Ég á þetta fyrirtæki og má vinna á þeim tækjum og tólum sem ég hef til umráða, án þess að biðja um

leyfi hjá Pétri Sigurðssyni,“ sagði Tryggvi. Hann segir að starfsmenn sínir séu félagsmenn í Baldri en hann hafi unnið þessi störf þegar þurft hefur. Það liggja fyrir dómur um að mönnum sé heimilt að vinna við fyrirtæki sín í verkföllum. „Pétur getur ekki búið til einhverjar sérreglur fyrir sig og sína. Menn keyrðu bifreiðum sínum fyrir lyftarann og lögðu sig í hættu. Menn keyra ekki í veg fyrir tæki sem er 70 tonn að þyngd og reikna með því að það stöðvist eins og fólksbíll. Lögreglan var kölluð til en þeir blanda sér ekki í vinnudeilur að öðru leyti en að taka skýrslur af viðkomandi.

Ég reikna fastlega með því að það komi fram skaðabótakröfur á Baldur út af þessu

máli sem skipta milljónum króna. Þarna átti að setja í land 33 gámaeiningar og við höfðum sagt þeim hjá verkalýðshreyfingunni að það yrði ekkert lestað. Aðalmarkmiðið hjá okkur var að ná í tóma gáma svo hægt yrði að hefja vinnu þegar verkfallið leystist, þannig að þetta átti ekki að bitna á félagsmönnum í Baldri. Þar fyrir utan var Pétri gerð grein fyrir því í fyrsta lagi, að ég væri ekki í Vinnuveitendafélagi Vestfjarða, sem hann á í deilu við, og þar af leiðandi ekki aðili að þessari deilu. Í öðru lagi er enginn starfsmaður hjá okkur sem hefur laun undir þessari 100 þúsund króna kröfu hans. Ég tel þess vegna að hann hafi verið að ráðast á rangan aðila. Ég spurði Pétur, hvort



Verkfallsverðir komu í veg fyrir að ökumaður lyftara frá TryCo gæti sinnt starfi sínu. Ljós.: Kári Jóh.

hann reiknaði kannski með að við tækjum upp þennan taxa hans og lækkuðum alla starfsmenn okkar þar með í launum, þegar hann yrði búinn að semja um þessi 4%.

Tryggvi segir að sú staðreynd skipti ekki máli, að haft var samband við Sjómannafélag Reykjavíkur til að fá því framgengt að skipsmenn hífðu ekki með skipskrönum. Verkfallsmenn hafi verið búnir að stöðva hann þegar að því

kom. „Mér finnst þessar aðgerðir hjá verkalýðsfélaginu Baldri hálfgerð tímaskekkja. Þeir eru auðvitað fyrst og fremst að berjast fyrir fiskverkaforól og þetta virðist vera eini atvinnureksturinn fyrir utan þann geira, sem þeir eru að reyna að stoppa. Það eru allir aðrir félagar í Baldri að vinna, samanber starfsmenn hjá bænum og fleiri,“ sagði Tryggvi að lokum.

Karitas Pálsdóttir um verkfallsbrot og kröfur ASV

Það er ekki bara forystan sem ákveður kröfurnar

Karitas Pálsdóttir varð fyrir svörum á föstudaginn, þegar haft var samband við skrifstofu Alþýðusambands Vestfjarða út af málsatvikum við Skógarfoss. Hún kvað það verða koma í ljós hvort skaðabótakrafa bærast frá Tryggva. „Við teljum okkur hafa verið í fullum rétti. Ég efa ekki að Tryggvi sé með öll tilskilin réttindi en hann var þarna að ganga í störf starfsmanna sem eru í verkfalli. Menn eins og Tryggvi, virðast ekki skilja í hvernig kjarabaráttu við erum. Þetta er almenni kjarasamningurinn



Karitas Pálsdóttir.

sem hér um ræðir og hafnarvinna fellur undir hann. Það

var ekki boðuð allsherjar vinnustöðvun og það eru margar starfsgreinar sem eru ekki í verkfalli þótt þar starfi félagsmenn í Baldri, t.d. fólk í heilbrigðisgeiranum. Auðvitað gæti þetta endað með því að það verði allsherjar vinnustöðvun.“

- Er ekki hætt við, að eftir því sem verkfallið dregst á langinn verði félagsmenn ósáttari og deili þá kannski á forystuna fyrir að setja fram kröfur umfram aðra?

„Nú held ég að þú miskiljir hlutina. Það er ekki bara forystan sem ákveður þessar kröf-



Verkfallsverðir stöðva ísflutningabifreið sem kom frá Þingeyri á laugardag.

ur. Það er auðvitað fólkið í félögunum sem ákveður þetta, en ekki einhver einn eða tveir karlar, eða kerlingar, út í horni. Þú heyrir auðvitað áróður vinnuveitenda í öllum fjölmiðlum, þar sem þeir tala um að fólkinu hafi ekki verið kynnt þetta og hitt.“

„Nú hefur það sjónarmið heyrst, og jafnvel frá fólki í verkfalli, að þetta sé orðin þráhyggja hjá forystunni. Hvað segir þú um það?

„Þá skaltu fá ummæli þessa fólks. Þetta sjónarmið hefur ekki komið fram á þeim fundum sem hér hafa farið fram

eða frá þeim mikla fjölda fólks sem kemur á skrifstofu félaganna. Auðvitað er fólk óttaslegið og það eru eðlileg viðbrögð, en það er samt engan bilbug að finna hjá fólki,“ sagði Karitas

Lionsklúbbur Ísafjarðar

Skemmtun gegn fíkniefnum

Lionshreyfingin á Íslandi hefur tileinkað sér fyrsta laugardag í maí ár hvert, sem sérstakan baráttudag gegn fíkniefnum. Laugardaginn 3. maí nk., verður dagskrá á vegum Lionsklúbbs Ísafjarðar í íþróttahúsinu á Torfnesi af þessu tilefni.

Til liðs við Lionsklúbb Ísafjarðar kemur Magnús Scheving, þolfimikennari, og mun hann halda uppi skemmtidagskrá í tilefni dagsins með

leikjum og ýmsum uppátækjum. Lionshreyfingin hefur haft með höndum viðamikla fræðslu um forvarnir í þessu sambandi og má þar nefna Lions Quest námsefnið, sem hefur farið víða í skóla landsins. Lionsklúbbur Ísafjarðar hefur staðið fyrir einu slíku námskeiði á Ísafirði þar sem tóku þátt á fjórða tug manna, kennarar, hjúkrunarfræðingar, lögregla og aðrir aðilar sem vinna að þessu málefni.



Frá Torfnesi.

Búist við að fjórðungur fyrirtækja taki þátt

Helgina 7.-8. júní n.k. mun Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða standa fyrir atvinnuvegasýningu í Íþróttahúsinu á Torfnesi. Björn Garðarsson hefur verið ráðinn verkefnisstjóri og verður hlutverk hans m.a. að skipuleggja sýninguna og kynna hana fyrir væntanlegum þátttakendum.

„Við stefnum á að ná saman sem flestum atvinnufyrirtækjum til að kynna hversu fjölbreytt viðskiptaflóran er á Vestfjörðum. Markmiðið með sýningunni er að efla mynd Vestfjarða en væntanlega mun hún vekja athygli á hinu jákvæða í atvinnulífi Vestfjarða og beina sjónum landsmanna að atorku og metnaði fyrirtækja hér. Það er full þörf á að snúa hinn neikvæðu umræðu um Vestfirði í jákvæða umfjöllun,“ sagði Björn í samtali við blaðið.

Nú þegar hafa milli 30-40 fyrirtæki skráð sig til leiks og er þar um að ræða fyrirtæki í ýmsum þromleiðslu-, verslunar- og þjónustugreinum. Um 400 bréf voru send til fyrirtækja víðs vegar um Vestfirði til að kynna þeim atvinnuvegasýninguna og vonast Björn til að um, fjórðungur þeirra skrái sig til þátttöku. Hann segir tilganginn með sýningunni vera að sýna fram á fjölbreytni vest-

firsks atvinnulífs og hvað sé í boði á svæðinu.

„Þetta verður fyrst og fremst ímyndasýning og þarna er verið að búa til, skapa og selja ákveðna ímynd af Vestfjörðum. Þegar ég hóf vinnu við þetta verkefni, þá kom mér á óvart hvað fjölbreytnin í vestfirsku atvinnulífi er gífurleg mikil. Handverksfólk vinnur að að mjög fjölbreyttum verkefnum og ýmis smáíðnaður á vegum einstaklinga er á ýmsum sviðum auk þess sem stór og öflug fyrirtæki eru að vinna að ýmsum nýjungum.“

Björn segir að fyrirvarinn sé það skammur að sýningin verði ekki markaðssett mikið erlendis, enda sé hún fyrst og fremst hugsuð fyrir heimamarkað. Hann vonast þó til að fyrirtæki sjái grundvöll til að bjóða vestur viðskiptavinum s.s. fulltrúum sölusamtaka og dreifingaraðila, til að þeir sjái m.a. í hvernig umhverfi fyrirtæki starfa hér.

„Við leggjum áherslu á að þetta sé sýning en ekki götumarcaður, en við bönnum að sjálfsgöðu ekki fólki að selja þarna inni og viljum t.d. að handverki og smáíðnaði verði gert hátt undir höfði. Til þess að gera smáum aðilum kleift að vera með, höfum við komið



Björn Garðarsson, verkefnisstjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

fram með þá hugmynd að þeir geti sent muni sem yrðu settir upp fyrir þá og hefur verið rætt um að krakkarnir í vinnuskólunum yrðu fengnir til þess, en þeir myndu þá sjá um viðkomandi bása undir eftirliti sýningarstjórnar.“

Björn segir að ætlunin sé að reyna að fá þingmenn og ráðherra til að sækja sýninguna og

fjölmiðlum og erlendum sendiráðum verði boðið að senda fulltrúa. Hann segir að það sé í raun ekkert fyrirtæki sem eigi ekki heima á sýningunni því að mikilvægt sé fyrir öll fyrirtæki að gera sig sýnileg til að þau hverfi ekki í fjöldann. Hann segir að markmiðið með sýningunni hljóti að vera að gera hana sem glæsilegasta þannig

að eftir henni verði tekið og tilgangi hennar verði þar með náð.

„Þátttakendur geta fengið bása í öllum stærðum og einnig er hægt að fá sýningarpláss án bása, ef um viðameiri kynningu er að ræða eins og t.d. vélar. Hprent og Ísprent veita þeim sem taka þátt í sýningunni afslátt af prentun kynningarefnis, s.s. á

nafnspjöldum og dreifibréfum. Framangreindir aðilar taka jafnframt að sér að aðstoða við gerð kynningarefnis og framstillingu á sýningarbásam, ásamt Tölvuþjónustu Vestfjarða á Patreksfirði, Kol og salt á Ísafirði og Dagrúnu Magnúsdóttur á Ströndum. Fyrirtæki geta skráð þátttöku til 5. maí,“ sagði Björn.

Í leiðara BB 16. þ.m. tekur leiðarahöfundur til umfjöllunar afnám línutvöföldunar sem samþykkt var á Alþingi fyrir tæpu ári síðan. Í umfjöllun höfundar gætir nokkurs mis-skilnings um hvernig afgreiðslu þessa máls var háttáð af hálfu einstakra þingmanna og er því haldið fram að ég undirritaður beri ábyrgð á henni með stuðningi mínum við stefnu sjávarútvegsráðherra við stjórnun fiskveiða.

Í upphafi skal ég fúslega viðurkenna að ég hef stutt svonefnda aflastýringu frá upphafi og tel að hún hafi leitt til bætrrar afkomu þjóðarinnar í heild. Ég hef þó alltaf talið eðlilegt að við hliðina á þessu kerfi mætti fóstora aðra stjórnunarhætti sem hlúðu að ýmsum grundvallar atvinnu- og útgerðarháttum sem sannarlega færa okkur besta hráefnið. Að fóstora línúttgerð dagróðrabáta með línutvöföldun og krókabáta með sérreglum, er því réttlætunlegt þótt notuð sé sóknarstýring. Sóknarstýring hefur aftur á móti reynst ónothæf við stjórnun veiða togara og netabáta, aflastýringakerfið hefur aftur á móti gjörbreytt meðferð

aflans um borð í þeim skipum, aukið með því þjóðarhag og bætt afkomu fyrirtækjanna.

Þegar tillögur um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða voru lagðar fram á Alþingi fyrir tæpu ári síðan, náðu þær aðeins til breytinga á veiðistjórnun krókabáta. Þeim tillögum var síðan vísað til umfjöllunar í sjávarútvegsnefnd. Þegar sjávarútvegsnefnd skilaði málinu frá sér var búið að bæta inn tillögu um afnám línutvöföldunarinnar. Þetta kallaði ég „að læða þessu inn“. Þetta er engin „afsökun“ af minni hálfu, ég studdi ekki þessa tillögu sjávarútvegsnefndar í atkvæðagreiðslunni í þinginu né annar þingmaður. Sjálfstæðisflokksins, Guðjón Guðmundsson. Það hefur ekkert með stuðning minn að gera við aflastýringa-

kerfið, ég var þarna að hugsa um hagsmuni hinna dreifðu byggða og atvinnusjónarmiða, sem fyrirsjáanlega breyttust í kjölfar þessa og það sagði ég við afgreiðslu málsins á Alþingi.

Mínar aðvaranir að þessu leyti hafa því miður, fyrir Vestfirðinga og fleiri, reynst á rökum reistar. Þetta vona ég að leiðarahöfundur BB skilji og túlki mínar skoðanir eftirleiðis eins og þær eru sannastar.

Veðsetning kvótans

Þar sem ég er farinn að skrifast á við vini mína fyrir vestan, þá langar mig til að drepa á annað mál sem afgreitt verður úr þinginu fljótlega, en það eru heimildir til að veðsetja kvótann. Ég hef eins og ein-

hverjir vita, lagst eindregið gegn þessari heimild og tel það fyrirkomulag sem hingað til hefur viðgengist, fullnægjandi, og bankastofnanna að meta trúverðuleika og hæfni sinna viðskiptavina.

Ég tel einnig að slík veðsetning torveldi allar breytingar á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Þetta segi ég ekki vegna þess að ég hafi ekki trú á aflastýringakerfinu, heldur vegna þess að ekkert kerfi getur verið svo fullkomið að það réttlæti það að löggjafinn afsali sér rétti til breytinga. Þetta mun leiða til þess að lánadrottinnar sjávarútvegsins munu krefjast enn frekari samruna sjávarútvegsfyrirtækja á valda staði svo auðveldara verði að flytja veðskuldir sjávarútvegsins á aflaheimildirnar. Það mun enn

frekar festa í sessi eignarrétt útgerðanna og lánadrottina yfir kvótanum. Að veðsetja óveiddan fisk í sjónum er í hrópandi ósamræmi við það ákvæði í fiskveiðistjórnunarlögum um að fiskistofnarnir séu sameign íslensku þjóðarinnar. Í mínum huga breytir þá engu hvaða fiskveiðistjórnunarkerfi er notað til að stýra sókninni í fiskistofnana.

Ég þykist vita að ýmsir góðir menn segi þessa röksemdarfærslu mína tóma vitleysu, það sé ekki verið að veðsetja kvótann. Lagaprófessorinn, Sigurður Línal, hefur þó sömu skoðun og sama segja tveir nafnkunnir hæstaréttarlögmenn. Því miður er allt útlit fyrir að frumvarpið verði samþykkt, sem mun leiða til enn meiri keppni um fyrirtækin á

Ísafirði sem og annars staðar um landið. Þetta er ekki landsbyggðavæn breyting.

Ég vona að gamli bærinn minn, Ísafjörður, þar sem ég átti heima til 18 ára aldurs, haldi sínum hlut í þeirri keppni.

Með kærri kveðju og ósk um gleðilegt sumar.

Kristján Pálsson,
alþingismaður.

Kristján Pálsson, alþingismaður skrifar

Línutvöföldun og kvótaveð

Afmæli

85 ára

Hrólfur Einarsson, Aðalstræti 22, Bolungarvík, fæddur á Fola-fæti við Ísafjörðardjúp, verður 85 ára 7. maí nk.



Hann mun taka á móti ættingjum og vinum í safnaðarheimilinu milli kl. 16:00 og 19:00 á afmældisdaginn.



Djassgeggjararnir sem slógu í gegn í Víkurbæ síðasta vetrardag ásamt Vernharði Linnet. Frá vinstri: Vernharður, Ólafur Kristjánsson, Karl Geirmundsson, Vilberg Vilbergsson, Magnús Reynir Guðmundsson, Baldur Geirmundsson og Gunnar Hólm Sumarliðason.

The westfjords all star jazz

Að kvöldi síðasta vetrardags var mikið um dýrdir í Víkurbæ í Bolungarvík en þá voru haldnir miklir djasstónleikar þar sem fram komu helstu djassgeggjarar Vestfjarða til margra ára. Tónleikarnir voru hljóðritaðir af Ríkisútvarpinu en það var að frumkvæði Páls Höskuldssonar, veitingamanns, sem tónleikarnir voru haldnir, en hann fékk nokkur fyrirtæki til að leggja fram-takinu lið. Kynnir á tónleikunum var hinn kunnir djass-áhugamaður, Vernharður Linnet, en hann var búsettur í Bolungarvík á sínum yngri árum. Í máli Vernharðs kom fram, að Páll hefði haft samband við hann til að fá tónleikana tekna upp, en það hafi viljað svo vel til að hann var að hefja vinnu

við þætti um djassögu Íslands og það hafi einungis vantað Vestfirði inn í þá dagskrá. Það hafi því ekki getað hist betur á. Húsfyllir var á tónleikunum og var flytjendum klappað lof í

lófa fyrir líflegan flutning en Vernharður kynnti þá til leiks sem „The westfjords all star jazz.“

Tónleikunum verður útvarpað á morgun, 1. maí, á Rás 2.



Vernharður Linnet, Finnbogi Hermannsson og Guðrún Sigurðardóttir, fréttamenn á Svæðisútvarpi Vestfjarða.

Hjólreiðakeppni grunnskóla

Patreksfirðingar sigruðu

Á sunnudag fór fram á Ísafirði, hjólreiðakeppni grunnskóla 1996, en keppni þessi er haldin á vegum Umferðarráðs, Bindindisfélags ökumanna og lögreglunnar. Fjölmargir nemendur tóku þátt í keppinni og komu þeir víðsvegar að af Vestfjörðum.

Sigurvegarnar urðu þeir

Ólafur Byron Kristjánsson og Sigurpáll Hermannsson frá Grunnskóla Patreksfjarðar með 209 refsistig. Í öðru sæti urðu Erla Dís Þórisdóttir og Ragnar Þór Marinósson frá Grunnskóla Tálknafjarðar með 237 refsistig og í þriðja sæti urðu þau Heiða Björk Birkisdóttir og Sigurður Rúnar Ragnarsson, Grunnskóla Þingeyrar, með 268 refsistig.

Í fjórða sæti voru þeir Anton Smári Óskarsson og Hilmar Már Hálfánarson, Grunnskóla Flateyrar, með 296 refsistig og í fimmta sæti urðu þau Helga Sverrisdóttir og Óskar Örn Hálfánarson, Grunnskóla Ísafjarðar, með 298 stig.



Frá keppinni á sunnudag.



Veitingastaður með stæl

Ljúffengar
pizzur, skyndibitar
og steikur
Munið heimsendingarþjónustuna

Síminn er 456 5267

Steinbít í kvóta - til hvers?

Fyrir nokkru bar ég upp á Alþingi fyrirspurn til sjávarútvegsráðherra um steinbítveiðar. Fyrirspurnin var í tveimur liðum, spurt var hvers vegna steinbítur hafi verið settur í kvóta og hvernig gætt væri jafnræðisreglu í ljósi þess að allmargir bátar eru utan aflamarkskerfisins og því undanþegnir takmörkuninni sem leiðir af kvótasetningunni. Jafnræðisregla var fest í stjórnarskrá við stjórnarskrárbreytinguna eftir Alþingiskosningarnar 1995 og kveður á um að jafnræðis skuli gætt við lagasetningu gagnvart þeim sem löggjöfin beinist gegn. Á þetta einkum við þegar löggjöfin er íþyngjandi eða takmarkar rétt manna á einhvern hátt.

Í svari sínu viðurkenni ráðherrann að kvótasetning á steinbít íþyngdi bátum misjafnlega en taldi að breytingin raskaði ekki jafnræðinu

„Kvótasetning er til þess að stjórna veiðunum en ekki til þess að búa til verðmæti sem útgerðarmenn geta gert sér að fépúfu.“

um of meðal annars í ljósi annarra takmarkana á sókn sem fyrir voru í lögum og eru mismunandi milli bátaflokka. Um það verður ekkert fullyrt hér en er dregið fram mönnum til umhugsunar og kynningar á þessari nýju reglu í stjórnarskránni, sem auðvitað gildir á öllum sviðum löggjafar en ekki bara varðandi stjórn fiskveiðna.

Aðalatriði í fyrirspurninni var fyrra atriðið, hvers vegna var steinbítur settur í kvóta. Það er nefnilega alls ekkert náttúrulögmál að svo eigi að

vera. Í lögum um stjórn fiskveiða er ráðherra veitt heimild til þess, ef þarf að takmarka veiðarnar. Lagaákvæðið er orðrétt svohljóðandi: „*Sjávarútvegsráðherra, skal að fengnum tillögum Hafrannsóknarstofnunar ákveða með reglugerð þann heildarkvóta sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnun við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn.*“

Samkvæmt þessu er kvótasetning veiða tæki til þess að takmarka veiðarnar. Ef ekki þarf að takmarka þær er *óheimilt* að setja veiðarnar í kvóta. Kvótasetning er til þess að stjórna veiðunum en ekki til þess að búa til verðmæti sem útgerðarmenn geta gert sér að fépúfu. Svo til þess að ráðherra geti fært veiðar á steinbít í

Þingmaðurinn skrifar

kvóta þarf tvennt til, annars vegar tillögu frá Hafrannsóknarstofnun um það og hins vegar þarf ofveiði að hafa átt sér stað. Þegar athugaðar eru tillögur Hafrannsóknarstofnunar síðustu ár um veiðar á steinbít kemur í ljós að stofnunin gerir tillögur um hámark þess sem veiða má úr stofninum og gerir slíkt varðandi fjölmarga nytjastofna aðra en þá sem eru í kvóta. Fyrir yfirstandandi fiskveiðiár gerði Hafró tillögu um sama hámarksafli og stofnunin lagði til árið áður svo ekki hefur ástandið versnað að mati hennar. Árin þar áður eru tillögurnar svipaðar. Það er hvergi að finna í tillögum Hafrannsóknarstofnunarinnar að nauðsynlegt sé að taka upp kvótabundnar veiðar, en ráðherrann bar því við í svari sínu og því að vænta mætti

aukinnar veiði.

Ef litið er til veiðinnar síðustu þrjá áratugi þá eru sveiflur í henni, stundum koma nokkur ár þar sem dregur úr veiðinni og svo vex aflinn á nýjan leik, sveiflurnar eru frá 8 þús tonn um upp í 18 þúsund tonn, en að jafnaði er hann svipaður og verið hefur síðustu 4 ár. Þar er ekki að finna nein rök fyrir sérstökum aðgerðum enda bera tillögur Hafró það með sér eins og áður er rakið.

Síðustu 4 ár hefur veiðin verið eftirfarandi:

1993	12.922 tonn
1994	12.727 tonn
1995	12.544 tonn
1996	14.619 tonn

Ráðherra ákvað kvótann 13 þúsund tonn, sem nánast er það sama og meðaltalið 13.200 tonn. Út frá þessu leyfi ég mér



Kristinn H. Gunnarsson.

að fullyrða að ekki er verið að takmarka veiðarnar frá því sem vænta mátti að þær hefðu annars orðið heldur búa til verðmæti inn í efnahagsreikninga fyrirtækjanna. Fyrir Vestfirðinga er þessi aðgerð sjávarútvegsráðherra heldur til ama, takmarkar veiði aflamarksbáta einkum þau ár sem einhver kraftur er í veiðinni og færir burt-seldum bátum kvóta á grundvelli aflareynslu, sem ávannst meðan þeir voru gerðir út frá Vestfjörðum.

Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður.

Vestfirðir

Fermining í Ísafjarðar- kirkju 4. maí kl. 14:00

Aldís Gunnarsdóttir, Móholti 9
Aníta María Hjaltadóttir, Fjarðarstræti 2
Aðalheiður Hoblyn, Skipagötu 2
Ásgeir Hannesson, Silfurgötu 11
Dagný Sverrisdóttir, Hafraholti 24
Edda Katrín Einarsdóttir, Hlíðarvegi 15
Hákon Blöndal Gíslason, Seljalandsvegi 26
Hanna Rósa Hjálmarsdóttir, Pólgötu 8
Hugrún Jósepsdóttir, Urðarvegi 62
Kristján Einar Guðmundsson, Bakkavegi 12
Lilja Gísladóttir, Hafnarstræti 8
Ólafur Sigurjón Arason, Smiðjugötu 10
Sigríður Brynja Friðriksdóttir, Fjarðarstræti 57

Fermining í Ísafjarðar- kirkju 11. maí kl. 14:00

Drífa Hrund Guðmundsdóttir, Hnífsdalsvegi 1
Elísabet Dale, Hlíðarvegi 15
Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir, Hrannargötu 3
Heiða Dögg Guðmundsdóttir, Sólögötu 7
Jóakim Árnason, Engjavegi 10
Katrín Árnadóttir, Arholti 9
Róslaug Guðrún Agnarsdóttir, Móholti 10

Fermining í Ísafjarðar- kirkju 18. maí kl. 14:00

Arnar Þór Gunnarsson, Engjavegi 17
Árni Björn Ólafsson, Bakkavegi 29
Ástrún Jakobsdóttir, Króki 3
Birgir Þór Halldórsson, Þvergötu 4
Brynja María Ólafsdóttir, Brautarholti 3
Brynjar Már Brynjólfsson, Miðtúni 37
Elín Hólm Pálsdóttir, Hjallavegi 12
Friðrik Hagalín Smáráson, Miðtúni 33
Gísli Rúnar Harðarson, Sólögötu 2
Guðmundur Magnús Pétursson, Hafraholti 10
Gylfi Ólafsson, Miðtúni 25
Heiðar Ingi Marinósson, Hrannargötu 10
Helga Rebekka Stígisdóttir, Kjarrholti 4
Herdís Anna Jónasdóttir, Smiðjugötu 5
Jakob Einar Jakobsson, Vöðlum
Jón Mar Össurarson, Hjallavegi 9
Karen Ragnarsdóttir, Góuholti 14
Katrín Sif Gunnarsdóttir, Aðalstræti 26a
Magni Hreinn Jónsson, Hafraholti 54
Melkorka Rán Ólafsdóttir, Urðarvegi 47
Perla Dögg Jensdóttir, Fjarðarstræti 4
Vilborg Guðrún Sigurðardóttir, Hlégerði 2
Þorbjörn Jóhannsson, Seljalandsvegi 48
Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Seljalandsvegi 16

Fermining í Súðavíkur- kirkju 19. maí kl. 14:00

Orri Sverrisson, Túngötu 13

Fermining í Súðavíkur- kirkju 8. júní kl. 14:00

Aldís Ýr Ólafsdóttir, Seljalandsvegi 72
Guðjón Bjarni Hálfánarson, Álfabyggð 14
Kristín Úlfarsdóttir, Arnarflöt 9
Katrín Guðmundsdóttir, Odda
Ragnar Freyr Vestfjörð, Holtagötu 11
Sigríður Fannís Jónbjörnsdóttir, Álfabyggð 2
Skúli Bergmann Jónasson, Holtagötu 5
Valves Gunnarsson, Hrafnabjörgum



Ísafjarðarkirkja.

Fermining á Stað í Aðalvík 28. júní kl. 14:00

Guðný Harpa Henrysdóttir, Fjarðarstræti 39

Fermining í Hnífsdals- kapellu 29. júní kl. 14:00

Sigrún Edda Helgadóttir, Fjarðarstræti 19

Fermining í Hólaskirkju í Bol- ungarvík 11. maí kl. 14:00

Atli Már Sigurðsson, Vitastíg 25
Ásta María Guðmundsdóttir, Holtabrún 16
Daníel Guðni Guðmundsson, Traðarlandi 18
Dagný Ólöf Jónsdóttir, Höfðastíg 6
Eva Ólöf Hjaltadóttir, Skólastíg 18
Jón Viðar Friðriksson, Hafnargötu 7
Karl Fannar Gunnarsson, Hlíðarvegi 14
Margrét Rósa Kjartansdóttir, Holtabrún 14
Ólöf María Jónsdóttir, Hjallastræti 18
Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson, Traðarlandi 10
Salbjörg Þóra Jónsdóttir, Hafnargötu 121
Sunna Kamilla Gunnarsdóttir, Hólsvegi 6
Þórir Rúnar Sveinsson, Brúnalandi 3
Ævar Örn Jóhannsson, Heiðarbrún 1

Fermining í Hólaskirkju í Bol- ungarvík 18. maí kl. 14:00

Hjörtur Arnþórsson, Geirastöðum
Ívar Kristinn Arnarson, Hjallastræti 38

Fermining í Flateyrar- kirkju 18. maí kl. 11:00

Guðbjörg Konráðsdóttir, Hjallavegi 7
Steinunn Guðný Einarsdóttir, Drafnargötu 6

Fermining í Þingeyrar- kirkju 18. maí kl. 14:00

Borgný Skúladóttir, Hlíðargötu 22
Bylgja Dögg Hafsteinsdóttir, Fjarðargötu 58
Guðný Ösp Ragnarsdóttir, Vallargötu 33
Gunnlaugur Unnar Höskuldsson, Brekkugötu 58
Ívar Már Valsson, Fjarðargötu 10
Kolbrún Helga Bjarkadóttir, Hlíðargötu 42
Kristinn Már Jónsson, Vallargötu 31
Laufey Björk Sigmundsdóttir, Aðalstræti 43
Róbert Aron Pálmason, Fjarðargötu 47
Sigríður Guðrún Kristjánsdóttir, Aðalstræti 31
Sigurður Vigfús Guðmundsson, Hlíðargötu 37

Fermining í Suðureyrar- kirkju 18. maí kl. 14:00

Fanný Margrét Bjarnadóttir, Birkihlíð
Jófríður Þorvaldsdóttir, Stað
Kristófer Sigurðsson, Aðalgötu 20
Málfríður Þorvaldsdóttir, Stað
Petra Dröfn Guðmundsdóttir, Hlíðarvegi 12
Sara Sturludóttir, Aðalgötu 49
Kristjana Dröfn Valgeirsdóttir, Aðalgötu 51

Þessar aðgerðir eru móðgun við bolvískt verkafólk

Félagsmenn í Verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur samþykktu um helgina nýgerðan kjarasamning með 85% greiddra atkvæða. Á kjörskrá voru 153 og greiddu 83 atkvæði. 69 sögðu já, 12 sögðu nei og einn atkvæðaseðill var auður. Áður en atkvæðagreiðslan hófst á laugardaginn, var haldinn fundur þar sem samningurinn var útskýrður fyrir félagsmönnum. Verkfallsmenn á Ísafirði gerðu sér ferð til Bolungarvíkur á rútu og fjölda einkabifreiða og afhentu þeir Bolvíkingum, sem voru að fara á fundinn, plagg sem á stóð:

Verkfólk Bolungarvík! Kraftan er 100 þúsund. Ætlið þið að sætta ykkur við 70 þúsund krónurnar!

Í samtali við Daða Guðmundsson, formann Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, kom fram að hann er mjög ósáttur við þessi vinnubrögð. Hann telur aðgerðirnar á laugardag móðgun við bolvískt verkafólk. „Þetta er yfirgangur gagnvart Verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur, en ég tel að þetta hafi haft ófug áhrif miðað við það sem ætlað var. Eins er ég mjög óhress með það sem gerðist á sunnu-

daginn þegar verkfallsmenn frá Ísafirði komu í veg fyrir losun úr Reykjavísi í Bolungarvíkurhöfn. Þetta er lögsagnarumdæmi Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur og verkfallsverðir eða stjórn Baldurs hafði ekkert samband við mig eða stjórn VSB út af þessum aðgerðum. Félagar hér eru ekki í verkfalli þannig að það mátti skipa hér upp tónum frystigámum sem eingöngu átti að nota af fiskvinnslunni í Bolungarvík. Þarna gengu menn langt út fyrir sitt verksvið. Ég vona að menn fari nú að vitkast og haldi sér við sitt

verksvið, nema þeir séu búnir að yfirtaka Verkalýðs og sjómannafélag Bolungarvíkur en mér þætti vænt um að heyrja það fyrstur. Þetta er yfirgangur á hæsta stigi,“ sagði Daði.

Hann segir að síðan hann varð formaður VSB 1991, þá hafi hann haft mjög góð samskipti við forystu Verkalýðsfélagsins Baldurs og Alþýðusambands Vestfjarða. „Þau hafa verið mér mjög hjálpsöm í sambandi við mín mál og ég vil ekki trúá að þessu sé stjórnað af formanni Baldurs. Mér finnst þessi samskipti vera komin á mjög alvarlega braut.

Ég veit ekki hvert framhaldið verður en það hefur svo sem áður kastast í kekki milli félaga á Vestfjörðum. Alþýðusambandið hefur verið sterkt undir stjórn Péturs Sigurðssonar en hann verður auðvitað ekki eilífur þarna. Mínum afskiptum af verkalýðshreyfingunni er að ljúka en ég hef ákveðið að segja af mér formennskunni í haust. Ég hafði ætlað mér að sitja áfram til loka ársins 1999, ef félagar mínir hefðu óskað þess, en þessi læti öll hafa orðið til þess að ég hef ákveðið að hætta,“ sagði Daði að lokum



Daði Guðmundsson.

Internetþjónusta Snerpu á Vestfjörðum

Flutningsgetan suður tvöfölduð

Notendur Internetsins á Vestfjörðum hafa sjálfsagt margir orðið varir við, að undanfarið hefur reynst erfitt að komast í samband við Snerpu, sérstaklega á álagstímum á kvöldin og um helgar. Nú á þetta vandamál að vera úr sögunni því samband Snerpu suður hefur verið tvöfaldað, sem þýðir 128 kílóbita flutningsgetu á sekúndu.

„Aðalbreytingin fyrir notendur ætti að verða greiðari samskipti og flutningsgeta mótalda ætti nú að nýtast að fullu en undanfarnar vikur hefur skort á það. Eins ætti að verða minna um það núna að það sé á tali hjá okkur á álagstímum en það var orðið talsvert vandamál því ekki var hægt að fjölga mótöldum á tímabili þar sem allir deila með sér sömu línunni suður og eldri línán bar ekki meiri umferð. Við höfum hins vegar reynt að ná samningum við Póst og Síma hf., um að fá sérstaka línu beint til Reykjavíkur, sem myndi nýtast okkur betur, en þeir vilja fá tæplega fimm sinnum meira fyrir hana en fyrir núverandi tengingu sem er um háhraðanetið. Okkur fannst það ekki geta staðið undir sér, sérstaklega ef netfangagjöld ættu að haldast óbreytt, þannig að við gerðum P&S tilboð um að koma til móts við okkur í verðinu, á þeim forsendum að þeir væru hlutafélag sem hlýti að geta lagað sig að markaðnum. Það er enginn sem

kaupir svona línu af þeim núna á þessari vegalengd og við bentum á að þjónustan er í rauninni ekki meira virði en kúnninn er tilbúinn að borga fyrir hana. Samt sem áður höfnuðu þeir okkur eftir um tveggja mánaða umhugsun og voru hvorki tilbúnir til að lækka verðið eða semja um það. Póstur og Sími er í rauninni sjálfum sér verstur með þessari stefnu því ef notendur fá greiðari aðgang, þá nota þeir þjónustuna meira. Fyrirtækið er að takmarka tekjumöguleika sína með þessum hugsunarhætti,“ sagði Björn Davíðsson, hjá Snerpu, í samtali við blaðið.

„Þörf fyrir aukin afköst á línun sem tengja saman Internetþjónustur hefur aukist mikið undanfarið, og má nefna sem dæmi að tenging Íslands við umheiminn sem er kostuð sameiginlega af tengigjöldum íslenskra notenda, var aukin í 4 mbit þann 14. mars síðastliðinn með opnun á nýrri línu til Kanada en fyrir var 2 mbit tenging til Svíþjóðar auk 1 mbit sambands sem P&S rekur. Nú hefur komið í ljós að þessi stækkun dugir hvergi til og er stefnt að því að tvöfalda sambandið til Kanada í maí, þannig að heildarburðargeta verður 6 mbit að þeirri stækkun lokinni. Þrátt fyrir þessar stækkunarir er ekki gert ráð fyrir að netgjöld þurfi að hækka, þar sem einnig er um töluverða fjölgun notenda að ræða,“ sagði Björn.

Menntamálaráðuneytið

Ítrekar boð um afhendingu Skrúðs

Á 42. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar var lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, þar sem ráðuneytið ítrekar boð sitt um að afhenda Ísafjarðarbæ listigarðinn Skrúð við Dýrafjörð.

„Ég og formaður bæjarráðs höfum ekki gefið okkur tíma til að fara í viðræður við ráðuneytið um þetta mál, en ég á ekki von á öðru en að samkomulag náist um hvernig yfirtöku bæjarfélagsins á Skrúð verður háttað,“ sagði Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, aðspurður um málið. „Fyrst eftir að málið var kynnt, voru uppi hugmyndir um að stofnaður yrði sjóður sem gæti staðið undir rekstri



Garðurinn Skrúður í Dýrafirði.

garðsins en við viljum að sjálfsgöðu að það verði tryggt að bærinn geti tekið á móti þessari höfðinglegu gjöf,“

sagði Kristján. Hann segir að Skrúður sé það mikil perla að það verði að sjá til þess að þessari höfðinglegu gjöf,“

hann á ekki von á öðru en að gjöfin verði þegin, svo fremi að menn verði ásáttir um hvernig það eigi að gerast.

Ók á stein á Óshlíð

Grunur um ölvunarakstur

Aðfaranótt sunnudags lenti ökumaður Honda bifreiðar í hremmingum á Óshlíð en hann ók á stóran stein sem hafði fallið á veginn.

Að sögn Guðmundar Fylkissonar, hjá lögreglunni á Ísafirði, var áreksturinn harður og þeyttist bíllinn yfir steininn. Guðmundur segir að reyndar hafi lögreglan verið búin að fá ábendingu um steininn og hann hafi verið merktur fyrir um nóttina til aðvörunar ökumönnum. Það kom þó ekki að gagni fyrir fyrrgreindan ökumann, sem

reyndar er grunaður um ölvun við akstur.

Meiðsl ökumannsins voru óveruleg en bifreiðin er mjög mikið skemmd.

Burtu með nagladekkin

Önundur Jónsson, yfirlög-regluþjónn á Ísafirði, hafði samband við blaðið og vildi hvetja ökumenn til að skipta yfir á sumardekk því vegir væru orðnir snjólausir og greinilegt að sumarið væri á næsta leiti.

Fossavatnsgangan

Háð á helginni

Hin árlega Fossavatnsganga verður haldin á laugardaginn og hefst hún kl. 14:00. 20 km. göngu karla og kvenna, 16-34 ára, 35-49 ára og 50 ára og eldri ásamt þriggja manna sveitakeppni verður startað við Vatnahnjúk. 10 km. göngu karla og kvenna, 7 km. göngu karla og kvenna ásamt sveitakeppni þriggja manna sveita, verður startað við Kristjánsbúð.

Skráning fer fram í Sporthlöðunni en nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Fossavatnsgöngunnar á Internetinu, á slóð-



inni: <http://www.basafell.is/fossavatn/>

Atvinnuáttak fyrir fatlaða

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum hefur sent forsvarsmönnum fyrirtækja í Ísafjarðarbæ bréf, þar sem óskað er eftir samstarfi um atvinnuþátttöku fatlaðs fólks í bænum. Í bréfinu segir að með auknum samdrætti í atvinnulífnum, hafi fötludum reynst erfiðara að fá vinnu og skiptir þá einu hvar þeir eru búsettir á landinu.

„Fatlaðir einstaklingar eru mjög mismunandi og hafa mismikla starfsgetu, allt frá því að geta unnið fullan vinnudag án nokkurs stuðnings, niður í að vinna eina klukkustund á dag. Í nokkrum tilvikum með stuðningi frá starfsmanni Svæðisskrifstofu eða fyrirtækis. Mjög mismunandi er hvaða starf hentar hverjum en mikilvægt er að hafa í huga að starfið

sé ekki mjög flókið. Störf sem krefjast nokkurrar endurtekn-ingar henta yfirleitt vel s.s. störf í fiskvinnslu, verslun, aðstoðarstörf í eldhúsi, leikskólum, skrifstofum o.s.frv. Sum af þessum einföldu störfum eru jafnvel unnin í hjáverkum eða þau safnast fyrir á vinnustaðnum,” segir í bréfi Svæðisskrifstofunnar.

Í bréfinu segir einnig að það sé einlæg ósk starfsmanna

skrifstofunnar að forsvarsmenn fyrirtækja taki vel í erindið og er þeim stjórndum fyrirtækja sem áhuga hafa á að taka þátt í atvinnuáttaki fatlaðra bent á að hafa samband við Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í síma 456 5224. Skrifstofan mun hafa samband við öll þau fyrirtæki sem fengið hafa sent framangreint bréf fyrir lok maímánaðar.

Ísafjarðardjúp

Lagning vegar frá Strandsejlium að Ögri boðin út

Vegagerðin hefur óskað eftir tilboðum í lagningu Djúpvegjar frá Strandseli að Ögri. Um er að ræða endurlagningu Djúpvegjar frá Hagakotsbökkum, um Strandseil, Holtasund, Garðstaðagrunndir, um Ögur að slitlagsenda utan Odda. Í verkinu felst einnig endurgerð tenginga að Strandsejlium, Garðstöðum, Ögurkirkju, Ögri og Ögurbryggju.

Verkið er tvískipt. Fyrsti verkhluti er lagfæring á Djúpvegi, frá Hagakotsbökkum innan Laugardalsár að Holtasundum og annar verkhluti er nýlagn vegar þaðan að slitlagsenda utan Ögurs. Verklök með neðra burðarlagi á öðrum verkhluta er 15. nóvember 1997 en báðum verkhlutum skal lokið 30. júlí 1998. Tilboð í verkið verða opnuð 12. maí nk.

Á ferð um Vestfirði

Kemur út um miðjan júní

Á ferð um Vestfirði, fréttablaðsins 6.000 eintök og var því dreift ókeypis á alla þjónustustaði ferðamanna um land allt. Þar sem upplag blaðsins kláraðist fljótt á síðasta ári hefur verið ákveðið að auka upplagið í ár sem og að auka fjölbreytileika efnis. Þeim aðilum í ferðaþjónustu og fyrirtækjum sem áhuga hafa á að koma á framfæri efnis í blaðið sem og að auglýsa í því er bent á að hafa samband við Sigurjón í síma 456 4560 fyrir 15. maí nk.

Á síðasta ári var upplag

Á ferð um Vestfirði mun líkt og á síðasta ári, koma út tvisvar í sumar, um miðjan júní og um miðjan ágúst.

Á ferð um Vestfirði mun líkt og á síðasta ári, koma út tvisvar í sumar, um miðjan júní og um miðjan ágúst.

Styrkir til atvinnu- mála kvenna

Félagsmálaráðuneytið hefur á þessu ári 19,6 milljónir króna til ráðstöfunnar til atvinnu- mála kvenna. Við ráðstöfun fjárlagsins er einkum tekin mið af þróunarverkefnum sem þykja líkleg til að fjölga atvinnutækifærum kvenna á viðkomandi atvinnusvæðum. Sérstök áhersla er lögð á að efla ráðgjöf til kvenna sem eru í atvinnurekstri eða hyggjast fara út á þá braut. Við skiptingu fjárlagsins eru eftirfarandi atriði höfð til hliðsjónar:

- Verkefnið skulu vera vel skilgreind og fyrir liggja framkvæmda- og kostnaðar- áætlun.
- Ekki verða veittir beinir stofn- eða rekstrar- styrkir til einstakra fyrirtækja nema sérstakar ástæður mæli með.
- Verkefnið skal koma sem flestum konum að notum.
- Að öðru jöfnu skal fjármögnun af hálfu ríkisins ekki nema meira en 50% af kostnaði við verkefnið.
- Ekki eru veittir styrkir til starfsemi, ef fyrir liggur að hún er í beinni samkeppni við aðra aðila á sama vettvangi.
- Að öðru jöfnu eru ekki veittir styrkir til sama verkefnis oftar en tvisvar í senn.

Umsóknar eyðublöð fást á Vinnu- mála- skrifstofu félagsmálaráðuneytis, Hafnarhúsin v/ Tryggvagötu, Reykjavík, sími 511 2500 og hjá atvinnu- og iðnráðgjöfum á landsbyggð- inni.

Umsóknarfrestur er til 30. maí 1997.



Vinnu- mála- skrifstofa félagsmálaráðuneytis

Ísafjörður

Sögufélagið færir grunn- skólanum örnefnakort

Sögufélag Ísfirðinga hefur fært Grunnskólanum á Ísafirði, 500 eintök af örnefnakorti yfir Skutulsfjörð að gjöf. Kortið er í mælikvarðanum 1:50 000 og er gefið út árið 1984 með leyfi Landmælinga Íslands. Kortið sem er teiknað af Svavari Berg Pálssyni, fylgdi fyrsta bindi Sögu Ísafjarðar.

Í frétt frá skólalastjóra Grunnskólans, Kristni Breiðfjörð Guðmundssyni, segir að skól- inn kunnir Sögufélaginu bestu þakkir fyrir höfðinglega gjöf, gjöf sem komi sér vel fyrir nemendur og kennara í margs-



konar vinnu sem tengist lífi og starfi bæjarbúa á öllum tímum. „Þá er ekki síður mikilsverður sá hlýhugur sem gjöfinni fylgir og sú ræktarsemi sem ungu kynslóðinni er sýnd. Það er einlæg von okkar í skólanum

að Sögufélagið megi vaxa og dafna um alla framtíð. Til þess að það megi verða þarf almenn- ingur að leggja félaginu lið með þátttöku í starfi þess,” segir í frétt frá skólanum.

Til sölu Lækkað verð

Til sölu er Tangagata 24, Ísafirði. einbýlishús og bílskúr. Verð kr. 10.400.000,-

Upplýsingar í síma 456 3763.



Þjónustudagur Toyota

laugardaginn 3. maí



Komdu og kynntu þér Toyota-þjónustu hjá



Suðurgötu 9 • Sími: 456 4580

- Ókeypis ljósastilling
- Ókeypis þeruskípti ef þörf er á
- Ókeypis útblástursmæling

- 15% afsláttur af öllum varahlutum



Veitingar

PIONEER




PIONEER 29.900,-

CD +

- 400Watt RMS (200Watt RMS per kanal)
- 13.5cm Full Range Driver
- 6-speaker **EXTRA**
- 2-speaker "Tweeter"
- 2-speaker "Subwoofer"

Auk fermingar-
hljómtækja
frá kr. **29.900,-** stgr.

Þjóðum við
frábært úrval
af lömpum, hársnyrti-
tækjum, o.fl. o.fl.



Helena Rubinstein
kynning föstudag kl. 11:00 til kl. 18:00

Kynntir verða nýju
vortímur frá Helena
Rubinstein ásamt nýju
SOFTWARE furdanum

- TILBOÐ -



Ísafjarðarleið í samstarf við VM

Ísafjarðarleið hefur nú hafið samstarf
við Vörufutningamiðstöðina hf.

Ísafjarðarleið leggur áherslu á hærsta og stöðva þjónustu sem byggir á marga ára reynslu í samskiptum milli Íslands og Vesturlands. Með samstarfi við Vörufutningamiðstöðina tengist Ísafjarðarleið öflugri E.Útlagandi um allt land með mikilli fréttunni í alla hluta þjóðfélagsins.

Vörufutningar Ísafjarðarleiðar eru í aðvörun á viðhætti: Reykjavík, Suðurland, Suðurland, Suðurland, Suðurland, Suðurland og Suðurland.

...Þess vegna er Ísafjarðarleiðin í aðvörun á viðhætti...

Frá Suðurlandi til Reykjavíkur	Alla vikna daga kl. 17:00
Frá Suðurlandi til Suðurlands	Alla vikna daga kl. 17:00
Frá Suðurlandi til Suðurlands	Mikudaga kl. 19:00
Frá Suðurlandi til Suðurlands	Friðgudaga kl. 19:00

Ísafjarðarleið ehf.
Vörufutningar
Hafnarvegur 12a • Símanúmer 4001



Vörufutningamiðstöðin hf.
BORGARTÚNSVEGUR 21 • 101A REYKJAVÍK

Vandablar og nytsamar fermingangjafir

SVEFNPOKAR


Narvik	kr. 7.990,-
Iglou	kr. 10.990,-



ajungllak.




BAKPOKAR



BAKPOKAR

Lyst	kr. 6.975,-
Discovery	kr. 10.450,-
Panda	kr. 10.850,-



SPORHLADAN
Hafnarvegur 2 • Suðurland
Sími 400 4123

UN HELGINA

DISKÓTEK

FÖSTUDAGS- OG LAUGAR-
DAGSNYÖLD TIL KL. 03:00

UN HELGINA

15 ÁR
SÆGREIFARNIR

FRÉTTIR TIL KL. 03:00
Á LAUGARDAGSNYÖLD


PIZZA- OG PASTA-
HLAÐBORÐ

FRÉTTIR TIL KL. 03:00
Á LAUGARDAGSNYÖLD

The Empire
Strikes Back

Evil

Helgar- dagskráin



Föstudagur

- 09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00 Dagar í Bombay (e)
Bombay Talkie
Lucia Lane kemur til Indlands í leit að ævintýrum. Hún gírnist ungan indverskan leikara og með smábrögðum tekst henni að ná honum frá eiginkonunni.
14.45 Neyðarlínan (2:14) (e)
15.30 NBA-tilprif
16.00 Kóngulóarmaðurinn
16.20 Steinþursar
16.45 Magðalena
17.05 En hvað það var skrytið
17.15 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Íslenski listinn
19.00 19 > 20
20.00 Suður á bóginn (3:18)
20.55 Umhverfis jörðina á 80 dögum
Óskarsverðlaunamynd eftir sögu Jules Verne um ævintýri Phileas Fogg og félaga hans. Myndin var kjörin besta mynd ársins og hlaut að auki Óskar fyrir tónlist, handrit, kvikmyndatöku og klippingu.
23.50 Litla Vegas (e)
Little Vegas
Gamansöm bíómynd um íbúa lítuls eyðimerkurbyggjar sem búa flestir hverjir í hjólhúsum, eru efnalitlir og eiga það sameiginlegt að vita engan veginn hvert þeir stefna.
01.25 Dagar í Bombay
Bombay Talkie
Sjá umfjöllun að ofan.
03.10 Dagskrárlok

Laugardagur

- 09.00 Með afa
09.50 T-Rex
10.15 Bibí og félagar
11.10 Geimævintýri (1:26)
11.35 Soffía og Virginia
12.00 NBA - úrslitakeppnin
12.25 Sjónvarpsmarkaðurinn
12.50 Babylon 5 (9:23) (e)
13.40 Lois og Clark (6:22) (e)
14.25 Vinir (5:24) (e)
14.50 Aðeins ein jörð (e)
15.00 Stælar
Bad Attitudes
Gamannmynd um fimm káta krakka sem lenda í ótrúlegum ævintýrum.
16.30 Andrés önd og Mikki mús
17.00 Oprah Winfrey
17.45 Glæstar vonir
18.05 60 mínútur
19.00 19 > 20
20.00 Bræðrabönd (3:18)
20.30 Ó, ráðhús! (8:22)
21.05 Guð getur beðið
Heaven Can Wait
Heimsfræg þriggja stjörnu bíómynd um undrin sem gerast eftir andlátíð. Hér segir af Joe Pendleton, stæltum íþróttakappa sem óttast ekki neitt.
22.50 Jade
Háspennamynd þar sem valdatáfl og sjóðheitar ástríður tvinnast saman í þétríðnu svikaneti.
00.25 Serpico (e)
Nýklassísk bíómynd sem er byggð á sannsögulegum atburðum og fjallar um lögreglumanninn Serpico sem þorði að rísa upp gegn mútuþægum félögum sínum.
02.30 Dagskrárlok

Sunnudagur

- 09.00 Bangsar og bananar
09.05 Í Eriðborg
09.30 Urmull
09.55 Disneyrímur
10.40 Ein af strákunum
11.05 Úrvalsdeildin
11.30 Eyjarklíkan
12.00 Íslenski listinn (e)
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.00 Húsið á sléttunni (22:24)
17.45 Glæstar vonir
18.05 Í sviðsljósinu
19.00 19 > 20
20.00 Morðgáta (5:22)
20.55 Fornbókabúðin
21.25 60 mínútur
22.15 Mörk dagsins
22.40 Ed Wood (e)
Ógleymanleg mynd frá leikstjóranum Tim Burton um misheppnaðasta kvikmyndagerðarmann allra tíma, Ed Wood. Hann var bjartsýnni en góðu hófi gegnir en gersneyddur öllum hæfileikum. Myndir hans eru taldar með þeim verstu sem gerðar hafa verið!
00.45 Dagskrárlok

Föstudagur

- 17.50 Táknmalfréttir
18.00 Fréttir
18.02 Leiðarljós (6:34)
18.45 Sjónvarpskringlan
19.00 Fjör á fjölbraut (11:39)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Aukaklónin
Les kilos en trop
Frönsk mynd í léttum dúr frá 1994 um mann sem verður ástfanginn af konu og reynir að grenna sig með öllum mögulegum ráðum til að vinna ást hennar.
22.00 Á næturvakt (1:22)
Baywatch Nights II
Bandarískur myndaflokkur þar sem garpurinn Mitch Buchanan úr Strandvörðum reynir fyrir sér sem einkaspjari.
22.50 Baunaakurstriðið í Milagro
The Milagro Beanfield War
Bandarísk bíómynd í léttum dúr frá 1988. Hópur fólks í smábæ býður peningaöflunum birginn og reynir að halda bæjarbragnum óbreyttum þegar ógn steðjar að honum.
00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.15 Enska knattspyrnan
12.00 Hlé
16.45 Sjónvarpskringlan
17.00 Enska knattspyrnan
Bein útsending frá leik Liverpool og Tottenham í úrvalsdeildinni. Leikurinn skarast örlítið við Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöva og því verður ekki hægt að sýna hann alveg allan. Táknmalfréttir í leikhléi kl. 18.00.
19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöva
Bein útsending frá 42. söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöva sem fram fer í Dyflinni. Framlag Íslendinga er Minni hinsti dans eftir Trausta Haraldsson og Pál Óskar Hjálmtýsson sem syngur lagið. Kynnir er Jakob Frimann Magnússon. Samsending á Rás 2.
22.00 Lottó
22.05 Fréttir og veður
22.35 Kavanagh lögmaður Skipsbrunninn
The Burning Deck
Bresk sakamála mynd frá 1996. Lögmaðurinn snjalli, James Kavanagh, tekur að sér að verja sjóliða sem er sakaður um íkveikju.
23.55 Öðlingur í Afríku
A Good Man in Africa
Bandarísk bíómynd frá 1994 um ístóðulítinn breskan diplómat í Afríku.
01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok


Sunnudagur

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.40 Hlé
17.50 Táknmalfréttir
18.00 Ósýnilega húsið (2:3)
God historie for de små: Det usynlige hus
18.30 Sjótti bekkur B (5:6)
19.00 Geimstöðin (15:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Með á notunum (1:6)
Fyrsti þáttur af sex sem Sjónvarpið gerir í samvinnu við Sinfóníu-hljómsveit Íslands og er markmiðið með þeim að kynna sígilda tónlist og gera hana aðgengilega áheyrendum. Jónas Ingimundarson pianóleikari kynnir verkin sem flutt eru og gerir grein fyrir því hvernig hin ólíku tónskáld höndla svo stórt hljóðfæri sem sinfóníuhljómsveit er.
20.55 Áfangastaðir
Hattver
Austan við Landmannalaugar, innan við Jökulgil, er Hattver, lítil vin í skjóli fjalla og Torfajökuls. Í þættinum er lýst gönguleiðinni þangað og jarðfræði svæðisins gerð skil.
21.20 Í blíðu og stríðu (3:13)
22.15 Helgarsportíð
22.40 Bubbi kóngur
Ubu
Tékkensk bíómynd byggð á frægu leikriti franska skáldsins Alfréds Jarrys um fávitanu Bubba og valdabrot hans.
00.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

**Erum með til sölu
fasteignir víða
á Vestfjörðum**
Allar nánari upplýsingar
eru veittar á skrifstofu



Atvinna

Fiskverkun Ásbergs ehf. óskar eftir að ráða starfskraft á skrifstofu, um er að ræða 50% starf.

Leitað er eftir starfskrafti með reynslu af skrifstofustörfum.

Frekari upplýsingar eru veittar hjá Kolbrúnu í síma 588 6900.

**Kaffihlaðborð
1. maí**

Á Eyvinni
Veitingastaður Kaffihús
Mánagata 1 - Sími 456 4306 Fisherhústi anno 1884

Laust starf

Vífilfell ehf. á Ísafirði óskar eftir starfsmanni í hlutastarf við áfyllingar í verslunum.

Upplýsingar veitir Stefán í síma 456 5490.




VÍFILFELL





Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Verkafólk frá Ísafirði fjölmennti að húsi Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur á laugardag og afhenti bolvísku verkafólki áskorun um að samþykkja ekki samninginn.

Bolvíkingar samþykktu samninginn

Félagsmenn í Verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur samþykktu um helgina nýgerðan kjarasamning með 85% greiddra atkvæða. Áður en atkvæðagreiðslan hófst á laugardaginn, var haldinn fundur þar sem samningurinn var útskýrður fyrir félagsmönnum. Verkfallsmenn á Ísafirði gerðu sér ferð

til Bolungarvíkur á rútu og fjölda einkabifreiða og afhentu þeir Bolvíkingum, sem voru að fara á fundinn, plagg þar sem þeir voru beðnir um að athuga sinn gang áður en þeir samþykktu samninginn. Allt kom þó fyrir ekki og var samningurinn samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Sjá nánar frétt á bls. 11.

Hlutafjáraukning Básafells hf.

Forkaupsréttur Ísafjarðar-bæjar 34 milljónir króna

Á hluthafafundi í Básafelli hf. þann 23. janúar s.l. var samþykkt að veita stjórn félagsins heimild til að auka hlutfé félagsins um allt að 250 milljónir króna að nafnvirði. Stjórnin hefur ákveðið að nýta sér heimildina en hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutum í hlut-

falli við eign sína í félaginu. Ísafjarðarbær er næst stærsti hluthafinn í Básafelli og er hlutur sveitarfélagsins í forkaupsrétti tæplega 34 milljónir að nafnvirði eða tæplega 131 milljón króna að söluvirði miðað við gengið 3,86 sem forkaupsréttihöfum er boðið hluta-

féð á. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að hefja viðræður við stjórn Básafells hf. um nýtingu forkaupsréttar. Að sögn Kristjáns Þórs Júlíussonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, er spurning um hvort bæjarráð nýti allan forkaupsrétt sinn og hvernig. „Básafell

skuldar bænum gjöld og við ætlum að fara í viðræður við þá um með hvað hætti þeir geta hugsað sér að gera þá skuld upp og þá ef til vill með nýtingu forkaupsréttar Ísafjarðarbæjar í huga,“ sagði Kristján Þór í samtali við blaðið.

Sumri fagnað

Ágæt þátttaka var í skátamessu og skrúðgöngu sem Skátafélagið Einherjar - Valkyrjan á Ísafirði stóð fyrir á sumardaginn fyrsta. Ágætasta veður var á fimmtudag í síðustu viku og notfærðu því margir bæjarbúar sér skrúðgönguna til að fá sér hressingargöngu. Meðfylgjandi mynd var tekin er skátarnir gengu frá skátaheimilinu að kirkju.



Sláturfélagið Barði hf.

Óskað eftir gjaldprotaskiptum

Stjórnarfundur var haldinn í Sláturfélaginu Barða hf. á Þingeyri á laugardaginn, en fyrirtækið hætti formlegri starfsemi í vetur vegna rekstrarörðugleika. Samkvæmt heimildum blaðsins mun á fundinum hafa verið samþykkt að óska eftir gjaldprotaskiptum á fyrirtækinu.

Þorvaldur Þórðarson, bóndi á Stað í Súgandafirði, sem er stjórnarformaður Barða hf., vildi ekki staðfesta þetta þegar haft var samband við hann og taldi ekki tíma-

bært að tjá sig um málið. „Þarna voru til umræðu ýmis málefni félagsins og erfiðleikarnir sem það hefur glímt við. Reksturinn hefur verið erfiður hjá Barða, eins og hjá þessum minni sláturhúsum og þar fyrir utan er markaðurinn hér fyrir vestan mjög erfiður og margar smásöluverslanir hafa farið á hausinn. Stærsti bitinn fyrir okkur var Kaupfélag Ísafirðinga en Barði átti þar inni 9 til 10 milljónir króna,“ sagði Þorvaldur.

Þingeyri

Skaut sig í hendina

Það óhapp vildi til á Þingeyri á laugardaginn að maður skaut af stórgripabyssu í gegnum hendina á sér.

Samkvæmt heimildum blaðsins mun atburðurinn hafa gerst eftir stjórnarfund í Sláturfélaginu Barða hf., á Þingeyri. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins mun hafa verið að sýna viðstöddum byssu,

sem notuð er við stórgripaslátrun, þegar skot hljóp af slysi í handarbak mannsins. Þinni sem gengur út af byssunni fór í gegnum hendina og út um lófann og skildi eftir sig gat á stærð við krónuþening. Maðurinn var fluttur suður á Sjúkrahús Reykjavíkur og munu meiðsl hans vera talsverð.

Ísafjörður

Guðrún í stjórn

Aðalfundur Kaupþings Norðurlands var haldinn fyrir stuttu. Á fundinum var afkoma félagsins á síðasta ári kynnt, auk þess sem kjörin var ný stjórn fyrir næsta starfsár.

Meðal stjórnarmanna í Kaupþingi er Guðrún Guðmannsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirð-

inga, en auk hennar skipa stjórnina þeir Bjarni Ármannsson, forstjóri Kaupþings, Árni Magnússon, fjármálastjóri KEA, Þorsteinn Þorvaldsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Ólafsfjarðar og Sigurður Einarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Kaupþings hf.

Ísafjörður

Fengu fimm milljónir

Hjón á fimmtugsaldri á Ísafirði dattu í lukkupottinn á föstudag þegar dregið var í happdrætti DAS við lok happdrættisársins. Hjónin fengu fimm milljónir króna og kom vinningurinn á einfaldan miða.

Hér var um að ræða hæsta vinninginn sem dreginn var út að þessu sinni en næst hæstu vinningar voru 100 þúsund á einfaldan miða eða 200 þúsund krónur á tvöfaldan miða.